



Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag

Sjávarborg



Katrín Gunnarsdóttir
Sigríður Sigurðardóttir

2003-2004/23

Sjávarborg

Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag

Katrín Gunnarsdóttir - Sigríður Sigurðardóttir

23

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Tilgangur fornleifaskráninga	6
Fornleifaskráning og aðferðir	8
Um jarðanúmerin	8
Tegund, hlutverki og heiti	9
Staðhættir og lýsing	9
Hættumat	10
Um heimildirnar	10
Saga og fornleifar	11
Minjakort	16
Fornleifaskrá	17
Hlutverk: Kirkja	17
Hlutverk: Kirkjugarður	21
Hlutverk: Heimild um torfbæ	22
Hlutverk: Áningarstaður	23
Hlutverk: Munnmæli	24
Hlutverk: Öskuhaugar	25
Hlutverk: Örnefni	26
Hlutverk: Fjós	27
Hlutverk: Brunnur	27
Sérheiti: Sumarfjósíð	28
Hlutverk: Tóftir	28
Hlutverk: Álagablettur	28
Hlutverk: Túngarður	29
Hlutverk: Brunnur	30
Hlutverk: Fjárhús / stekkur	31
Hlutverk: Þvottaból / hlóðir	32
Hlutverk: Kvíar	33
Hlutverk: Rétt	33
Hlutverk: Tóft	34
Hlutverk: Götur	34
Hlutverk: Vegur / slóð	35
Hlutverk: Tóft	36
Hlutverk: Bústaður / Fjárhús	37
Hlutverk: Túngarður	38
Hlutverk: Hjáleiga	39
Hlutverk: Hjáleiga	40
Hlutverk: Túngarður	41
Hlutverk: Skjólgarðar	42
Hlutverk: Viðvörunarmerki	43
Hlutverk: Laug	44
Hlutverk: Býli	45
Hlutverk: Álagablettur	46
Hlutverk: Náthagi	46
Hlutverk: Sleðabraut	48
Hlutverk: Heimreið	49
Hlutverk: Peningshús	50
Borgarsel	51
Hlutverk: Hjáleiga / sel	53
Hlutverk: Fjárhús	54
Hlutverk: Fjárhús	55
Hlutverk: Tóft	55
Hlutverk: Götur	55
Grænhóll	56
Hlutverk: Tóft	58
Hlutverk: Hesthús	59

Hlutverk: Brunnur.....	59
Hlutverk: Ferja.....	59
Hlutverk: Skurður	60
Hlutverk: Hleðsla.....	60
Hlutverk: Áveita	61
Hlutverk: Matjurtagarður.....	61
Hlutverk: Matjurtagarður.....	61
Hlutverk: Hleðsla.....	62
Hlutverk: Vegur	62
Hlutverk: Skurður	62
Hlutverk: Áveita	63
Hlutverk: Fjárhús / Rétt	63
Hlutverk: Fjárhús.....	64
Hlutverk: Tún / Náttagi.....	64
Hlutverk: Hjáleiga	65
Hlutverk: Landamerki.....	66
Niðurstöður	67
Heimildir	68
Síðasti torfbærinn – tilraun til grunnmyndar	69

Inngangur

Fornleifaskráning þessi nær yfir land Sjávarborgar ásamt Borgarseli og Grænhóli, sem fyrrum voru hjáleigur frá Sjávarborg. Skráningin er unnin fyrir byggingafulltrúa Sveitarfélagsins Skagafjarðar vegna aðalskipulags, í nóvember og desember 2003. Skýrslan var lesin nokkrum sinnum og endurbætt í febrúar 2004 til maí 2005 og athugasemdum sem fram komu hefur verið bætt inn í skýrsluna.

Skráningar á vettvangi vann Katrín Gunnarsdóttir fornleifafræðingur. Sigríður Sigurðardóttir tók skýrsluna saman og bætti við upplýsingum sem fram komu við endurskoðun og yfirlestur. Teikningar vann Katrín Gunnarsdóttir. Ljósmyndir tóku Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir og Hjalti Pálsson. Í skýrslunni eru einnig myndir frá Héraðsskjalasafni Skagfirðinga og frá Kristmundi Bjarnasyni á Sjávarborg.

Haraldur Árnason, Hlíf Árnadóttir og Kristmundur Bjarnason veittu upplýsingar¹ um minjarnar og leiðbeindu skrásetjara um svæðið og hafa lesið og lagfært skýrsluskrifin.

¹ Hlíf og Kristmundur lásu skýrsluna yfir í febrúar 2004 og mars 2005, og Haraldur í október 2004. Athugasemdir þeirra hafa verið færðar inn / SS.

Tilgangur fornleifaskráninga

Megin markmið fornleifaskráninga er að afla þekkingar um sögu lands og lýðs áður en öll merki um búskapar- og lifnaðarhætti fyrri kynslóða hverfa af landinu.

- ✖ Í fornleifaskráningu felst heimildaöflun um landnýtingu og búskaparahætti í fortíð, sem nýtist til ákvarðanatöku um varðveislu og landnýtingu í samtíð og framtíð.
- ✖ Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að koma í veg fyrir að fornleifar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að óþörfu.
- ✖ Með fornleifaskráningu er lagður grunnur að verndun einstakra minjastaða og minjasvæða.
- ✖ Með fornleifaskráningu er einnig lagður grunnur að áframhaldandi rannsóknum og kynningu á menningarumhverfinu.
- ✖ Það er hagur allra sem skipuleggja svæði eða standa fyrir framkvæmdum, sem raska jarðvegi, að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á viðkomandi svæði til að: 1) unnt sé að taka tillit til minjastaða við skipulagsvinnu og framkvæmdir og 2) minnka líkur á að óvænt finnist fornleifar sem nauðsynlegt reynist að rannsaka.

Þjóðminjalög 107/2001 kveða á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Það er best gert með því að kynna þær þjóðinni, greiða fyrir rannsóknum og auðvelda aðgang að þeim. Í 9.-14. gr. laganna eru ákvæði um að skylt sé að skrá fornleifar á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess. Fornleifar eru skilgreindar í þjóðminjalögum sem:

- ... hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:*
1. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
 2. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
 3. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
 4. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
 5. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
 6. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
 7. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
 8. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
 9. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Eldri minjar en 100 ára teljast til fornleifa, en heimilt er að friðlýsa yngri minjar².

Fornleifar eru friðhelgar og þeim má enginn spilla, granda né breyta, hylja, laga né aflaga, - nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins. Þetta á við um allar fornleifar, óháð friðlýsingum. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins og komi fornleifar í ljós við jarðrask verður að fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi fara fram³.

Æskilegt er að beina framkvæmdum frá minjastöðum, en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins um framkvæmdirnar með fyrirvara til að hægt sé að meta aðstæður. Fornleifavernd ríkisins getur krafist þess að framkvæmdum verði frestað uns fornleifarannsókn hefur farið fram.

Fornleifaskráning sameinar hagsmuni framkvæmdaaðila, þeirra sem standa vörð um minjaumhverfið og þeirra sem vilja fræðast um það. Björgunaruppgröftur er alltaf óæskilegur, frá öllum sjónarmiðum. Tafir á framkvæmdum geta verið kostnaðarsamar og ef um meiri háttar framkvæmdir er að ræða bera framkvæmdaaðilar kostnað af fornleifarannsóknum, ef nauðsynlegar reynast þeirra vegna⁴.

² Þjóðminjalög nr. 107/2001, 11. grein.

³ Þjóðminjalög nr. 107/2001, 13. grein.

⁴ Þjóðminjalög nr. 107/2001, 14. grein.

Fornleifaskráning og aðferðir

Minjarnar eru skráðar í miðlægt rafrænt skráningakerfi sem heitir Sarpur⁵ þar sem þeim er raðað eftir jarðanúmerum. Upplýsingar eru flokkaðar samkvæmt kerfi Sarps í: tegund, hlutverk og heiti, legu, staðhætti, ástand og lýsingu, hættumat og heimildir, sem teknar eru saman við hverja skráða fornleif í þeirri viðleitni að hver skráning geti staðið ein og óstudd. Samtals voru skráðir 61 minjastaðir, 38 á Sjóvarborg, 5 í Borgarseli og 18 á Grænhóli. Þar af eru nokkrar 20. aldar minjar á Sjóvarborg, sem skipta máli sem heimildir um landnýtingu og ferðaleiðir á fyrri hluta 20. aldar, einnig fjárhús á Borgarseli, sem byggð voru á grundvelli gamalla fjárhúsa þar og 10 tuttugustu aldar minjar á Grænhóli sem varpa ljósi á landnýtingu á Grænhóli á síðustu ártugum búskapar þar. Sérstaklega er getið um hvers vegna 20. aldar minjar eru teknar með í skrána þar sem það á við.

Fornleifar eru skráðar eins og þær eru skilgreindar skv. 9. grein Þjóðminjalaganna 107/2001. Minjastaðirnir eru merktir inn á loftmyndir með viðeigandi númerum.

Um jarðanúmerin

Jarðirnar eru auðkenndar með upphafsstaf heitis jarðanna, s.s. S fyrir Sjóvarborg og tveimur númerum: Í fyrsta lagi landsnúmeri sem Fasteignamat ríkisins hefur úthlutað sem er 145953 fyrir Sjóvarborg. Í öðru lagi númeri jarðarinnar samkvæmt Jarðatali Johnsens frá 1847⁶, sem er 50 í þessu tilviki. Fornleifunum eru gefin raðnúmer innan jarðarinnar þannig að númer þeirra koma fram þannig: S-145953-50-1, o.s.frv.


Borgarsel og Grænhóll, sem voru hjáleigur frá Sjóvarborg eru með eigin númer, til aðgreiningar frá meginjörðinni. Borgarsel, sem er á svokölluðum Borgarskógum eða Skógum á milli Miklavatns og Héraðsvatna, var sennilega upphaflega selstaða frá Sjóvarborg. Jarðarnúmer Borgarsels er 181764 og 51 hjá Johnsen. Kenninúmer jarðarinnar er því B-181764-51 og raðnúmer eftir fjölda minjastaða. Grænhóll er einnig

⁵ SARPUR er skráningakerfi sem mörg opinber minjasöfn og stofnanir nota til samskráningar fyrir muni, myndir og minjar. Markmiðið er að gera fornleifaskráningar aðgengilega fyrir minja- og skipulagsyfirvöld á rafrænu formi. Fornleifavernd ríkisins hefur aðgang að SARPI og getur með þeim hætti fylgst með skráningum jafnóðum og þær eru færðar inn. Skipulagsyfirvöld sveitarfélaga geta einnig fengið aðgang að honum. Hið sama gildir um alla sem stunda rannsóknir í minjafræðum, hvort sem það eru nemar, fræðimenn, ferðaþjónustufólk eða aðrir sem áhuga hafa á minjaumhverfinu.

⁶ J. Johnsen. *Jarðatal á Íslandi*.

á Borgarskógum. Grænhóll hefur jarðarnúmerið 145934 og 52 hjá Johnsen og hefur því kenninúmerið: G-145934-52 og raðnúmer samkvæmt fjölda minjastaða. Skógabakki var þriðja hjáleigan frá Sjóvarborg á Borgarskógum. Skógabakki er ekki með sérnúmer og raðast hér með minjum í landi Grænhóls, sjá G-145934-52-17 og G-145934-52-18.

Tegund, hlutverki og heiti minja er lýst í örfáum orðum, þ.e. hvort um er að ræða tóftir bæja eða útihúsa, túngarða, áveituskurða og þar fram eftir götunum. Stundum sjást fornminjar ekki í landslaginu, þótt þeirra sé getið í heimildum, og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram að „heimild“ sé til um t.a.m. útihús. Leitast er við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er, því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær á yfirborðinu með berum augum. Hafi fornminjarnar sérnafn eins og t.d. Álfhóll er það sérstaklega skráð. Þegar sérnafni er ekki til að dreifa er hlutverki minjanna lýst þar sem heitið kemur fyrir, svo sem fjárhús.



Lega

Til að staðsetja minjarnar voru notaðar loftmyndir frá Verkfræðistofunni Stoð á Sauðárkróki og hlutar loftmyndar N-5296/17.06.1996 frá Landmælingum Íslands. GPS hnit minjanna eru færð í skrána til nákvæmari staðsetningar. Katrín Gunnarsdóttir staðsetti minjar í nóvember 2003 nema þær sem merktar eru H.P. þær staðsetti Hjalti Pálsson árið 1999.

Staðhættir og lýsing

Í kafla um staðhætti og lýsingu er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim lýst, bæði formi, umfangi og ástandi. Athugasemdir eru skráðar þar sem þörf er á.

Hættumat

Við skýrslugerðina er lagt mat á hættu sem að fornleifunum kann að stafa af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða ef þær geta orðið fyrir raski. Hægt er að flokka áhættuþætti í þrennt: ábúð, veðrun og landbrot. Hætta vegna ábúðar stafar fyrst og fremst að framkvæmdum sem kunna að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar og landbrots er augljós ef fornleifar eru að afmást fyrir áhrif vatns og vinda. Ekki er lagt hættumat á fornleifar, sem heimildir geta um en finnast ekki við vettvangsskráningu. Engu að síður er nauðsynlegt að taka tillit til slíkra heimilda við skipulag framkvæmda því, eins og fyrr er sagt, þá geta fornleifar leynst grunnt undir grassverðinum.

Um heimildirnar

Heimildakerfið er með því sniði að vísað er í tilvísananúmer heimildar neðst á blaðsíðu í öllum yfirlitsköflum. Annars er heimilda getið jafnóðum við hverja fornleif þannig að hver skráning getur staðið ein og útaf fyrir sig og vísað er á heimildir hverrar fyrir sig. Ef um beinar tilvitnanir er að ræða, eru upphafsstafir heimildar sett innan sviga aftan við.

Eins og fram kom í inngangi eru Kristmundur Bjarnason, Hlíf Árnadóttir og Haraldur Árnason aðalheimildamenn skýrslunnar. Einnig er stuðst við Byggðasögu Skagafjarðar I og heimildir sem hún byggir á, sem Hjalti Pálsson ritstjóri veitti skrásetjara aðgang að. Auk þess hefur verið farið yfir úttektir, túnakort, skrif Árna Magnússonar og Páls Vídalíns í 9. bindi Jarðabókarinnar og fleiri skrif.

Saga og fornleifar

Hið skráða svæði miðast við land Sjávarborgar, með Grænhóli að sunnan, Borgargerði og Áshildarholtvatni að vestan, sjávarströnd að norðan og Héraðsvötnum að austan. Jörðin Grænhóll er sunnan og austan Sjávarborgar á milli Miklavatns og Héraðsvatna. Suðurmörk Grænhólslands eru í beina sjónlínu „milli Ferjuhamars í Kárastaðalandi vestur í Tröllahöfða vestan Miklavatns“⁷. Norðurmörk Grænhóls eru talsverðan spöl sunnan við Langatanga.

Sjávarborg kemur ekki við sögu landnáms í Skagafirði í skráðum heimildum, en jörðin var orðin ein af höfuðbólum héraðsins á 14. öld og með stærstu jörðum í Sauðárhreppi, sem þá hét. Borgarsveit sem var stór hluti Sauðárhrepps tók nafn eftir Borginni (Sjávarborg). Jörðin var metin á 100 hundraða árið 1439, en 80 hundruð árið 1709⁸. Þar af var heimajörðin 60 hundruð. Sjávarborg var jafnan í eigu efnamanna og höfðingja. Við endurmat jarða árið 1861 var Sjávarborg ásamt hjáleigum sínum, Borgargerði, Grænhóli og Borgarseli, metin á 43,5 hundruð.

Eftir pláguna 1402 urðu langvinnar þrætur um eignarhald á Sjávarborg, á milli helstu höfðingja landsins⁹. Þeirra á meðal var Björn hirðstjóri Þorleifsson, sem eignaðist jörðina, og var hún í eigu niðja hans í nær þrjár aldir. Árið 1736 keypti Þorlákur Markússon lögréttumaður og annálsritari meirihluta jarðarinnar¹⁰ og Sveinn sonur hans var búinn að eignast hana alla árið 1750. Ekkja hans, Elín Grímúlfsdóttir prests Illugasonar í Glaumbæ, erfði hann. Hún giftist aftur árið 1777, Pétri Péturssyni stúdent, sem varð prófastur á Víðivöllum. Pétur og Elín bjuggu að Sjávarborg um hríð og juku mjög á ræktun jarðarinnar og byggðu upp vandaðan bæ. Var jörðin í eigu ættmenna Péturs til 1889¹¹, er verslunarfyrirtækið B. Muus & Co í Kaupmannahöfn keypti hana. Eftir það var jörðin í eigu og ábúð nokkurra aðila þangað til Árni Daníelsson keypti hluta jarðarinnar árið 1908 og síðar alla¹². Hún er nú í eigu og ábúð afkomenda hans.

⁷ Byggðasaga Skagafjarðar I. Bls. 338.

⁸ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 9. bindi, 1930. Bls. 52.

⁹ Byggðasaga Skagafjarðar I. Bls. 323.

¹⁰ Sama heimild.

¹¹ Byggðasaga Skagafjarðar I. Bls. 323 -234.

¹² Sama heimild.

Fyrr á öldum áttu bændur á Sjóvarborg selstöðu í landi Kálfárdals, en sú aðstaða hafði ekki „brúkast í manna minni“¹³ árið 1709. Selstaða þessi er nefnd í landamerkjalytingu árið 1421 með þessum hætti: „Borg á selför í Kálfárdalsjörð fyrir búfé það sem fæðist á Sjóvarborg og tvö selhross“¹⁴. Þetta var áréttað árið 1698. Óvíst er hve lengi selstaðan var ónýtt, en um hana spruttu deilur árið 1751 milli eigenda Kálfárdals og Sjóvarborgar og var þá færð til og eftir það sagt að væri „óátalin selstaða á Trölleyrum í hinum fornu Kálfárdalslöndum“¹⁵.

Árið 1893 var gerð úttekt á jörðinni og tíunduð öll hús og önnur mannvirki. Þá var nýlega búið að laga mæni og suðurhlið baðstofunnar. Suðurveggur gangna, sem lágu í vinkil til norðurs og vesturs frá baðstofu til bæjardyra, var lélegur, en búr og eldhús voru í lagi sem og bæjardyráhusið og stofa að „sunnanverðu í bæjardyrum“¹⁶. Við bæinn stóð skemmukofi. Nýlega var búið að skipta um veggrafta og hliðarása í fjósinu og hlaða upp norðurvegginn „fyrir ofan grjót“ og setja nýtt þak á. Einnig var búið að bæta gang til útidyra á fjósinu og að heyllöðu, en sú hlaða tók 100 hesta af heyi. Fjárhús var yfir 50 ær og „talsvert stærra en yfir jarðarkúgildin“¹⁷, eins og þar segir.

Önnur mannvirki voru: „Kvíar útundir Borginni að vestan álitnar nú í nokkurnvegin standi [...] Túngarður úr Borginni og vestur í vatn [...] (er) nokkurnvegin í standi [...] For (er) austur frá eldhúsi [...] 2 Brúnnar (brunnar) álitast (vera) í allgóðu standi [...] Stekkur (er) suður og austur frá Borginni, sem ekki er í gildu standi og gjörði viðtakandi ekki tilkall til hans, (og) var honum því sleppt“¹⁸. Annar brunnurinn var með brunnhúsi yfir og var það ásamt umbúnaði við vatnstökuna og fjósbúnaður sem því tengdist metið á 3 kr. Ekki er sagt hvers konar útbúnaður þetta var, en það gæti hafa verið vinduverk. Fjær bæ voru: „Hesthús suður á túni yfir 10-12 hross [...] Annað hesthús yfir 4 hross [...] Fjárhús útmeð tröðinni [...] (og) Fjárhús á Selinu“¹⁹.

¹³ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 9. bindi, 1930. Bls. 53.

¹⁴ Byggðasaga Skagafjarðar I. Bls. 324.

¹⁵ Sama heimild.

¹⁶ HSk. Sauðárhreppur: Úttektabók 1891-1908. 8. maí 1893. Úttekt þessi tekur mið af eldri úttekt sem ekki er lengur til, en í henni var nákvæm lýsing á bæjarhúsunum. Fjöldi húsa á jörðinni er þó lýst og breytingar á nokkrum þeirra. Lýsingin ekki tekin upp orðrétt og úrfellingar eru táknaðar með [...].

¹⁷ HSk. Sauðárhreppur: Úttektabók 1891-1908. 3. maí 1893.

¹⁸ HSk. Sauðárhreppur: Úttektabók 1891-1908. 3. maí 1893.

¹⁹ Sama heimild.

Árið 1911 var steyppt 18 kúa fjós syðst og vestast á Borginni, austan við klettavegg (Barnaborgina) sem rís upp úr suðvesturhluta Borgarinnar. 1930-1940 var hlaða steyppt upp norðan við fjósið ofan í tóftir peningshúsa sem þar voru áður og 1965 var byggð súrheysgryfja norðan við hlöðuna. Suðvestan við Borgina (suðvestan undir Barnaborginni) var vatnsþró og kofi (síðast mjólkurhús) var upp við klöppina þar vestan við²⁰. Leiðsla lá úr vatnsþrónni í litla þró í norðvesturhorni fjóssins, og þaðan að sjálfbrynn-ingarkollum við hvern bás. Hús þessi eru nú farin. Árið 1916 var lögð ný heimreið upp á Borgina að norðvestanverðu. Áður lá hún upp að norðaustanverðu. Þriðja heimreiðin var svo lögð upp á Borgina úr vestri, á 9. áratug 20. aldar.



Landið umhverfis Borgina er lágt og fer í kaf í vetrarflóðum, eins og í febrúar 2004. Svarta húsið, uppi á Borginni til vinstri, er kirkjan frá 1853. Hún var lögð niður árið 1892 og endurvígð 1983. Fyrst stóð hún norðan við gamla bæinn, en er núverandi íbúðarhús var reist var hún færð norðaustur fyrir það og stóð þar þangað til hún var færð á núverandi stað. Vegna þrengsla efst á Borginni þar sem henni var valinn staður var brugðið á það ráð að snúa henni um 90° og látin snúa norður-suður vegna aðstæðna. Lögð

var heimreið árið 1916 upp á Borgina að norðvestan, sem skáser hana á myndinni. Áður lá heimreiðin upp á Borgina að austanverðu úr norðaustri. Stuttu fyrir aldamótin 1900 var hlaðin rétt þeim megin sem enn sést og gótur meðfram henni upp að bænum. Ekki er víst hvort rétt var þar áður, en hún kom í góðar þarfir fyrir ferðafólk jafnt og heimamenn, því það var stöðug umferð um Borgarmýrar á þeim tímum. Ljósm. S.S

Náttúrufar og jarðabætur

Í Byggðasögunni er landi Sjávarborgar lýst svo:

Land Sjávarborgar er allvíðáttumikið, flatt land norður og austur af Borginni norðan Víkurinnar sem er affall frá Miklavatni norðaustur í Héraðsvötn. Nyrsti og austasti hluti Sjávarborgarlands eru sandar vestur frá Héraðsvötnum og suður frá fjarðarbotninum. Siglufjarðarvegur liggur eftir sandinum. Norðan vegarins eru svokallaðir Gígar, allháir sandhólar, grónir melgresi. Þetta land hækkar stöðugt vegna sandfoks frá fjörunni sem melgresið bindur. Landið sunnan Víkurinnar, austan Miklavatns, vestan Héraðsvatna og norðan landamerkjanna við Grænhól kallast Skógar eða Borgarskógar. Það er flatt og liggur lágt, mestur hluti þess er mjög blautur. Þurrir bakkar eru með

²⁰ Kristmundur Bjarnason, vettvangsskoðun.

Héraðsvötnum og Miklavatni og nokkuð um þurra rinda. Fyrir allmörgum árum var reynt að ræsa fram hluta af þessu landi en sökum þess hve það liggur lágt og seig mikið þegar farið var að grafa varð enginn árangur af þessari framræslu²¹.

Við þessa lýsingu er litlu að bæta öðru en því að Borgarskógar eru friðlýstir vegna mikils og fjölbreytts fuglalífs.

Árið 1709 var jörðinni svo lýst:

Fóðrast kann vii [7] kýr, I [50] ær, xx [20] lömb, i [1] hestur, öðrum hestum vogað á útigang. [...] Torfrista sendin, stúnga næg. Reiðingsrista bjargleg. Hrísrif og lýngrif til eldiviðarstyrks. Laxveiði hefur áður verið gagnvæn í Hjeraðsvötnunum og Borgarvík, hún hefur nú ekki brúkast í 40 ár eður lengur. Silúngsveiðivon í sömu takmörkum hefur áður góð verið [...] Selveiðivon hefur áður góð verið [...] Rekavon er góð og nýtur ábúandi þess eina, er lög leyfa og nauðsynlega þarf til húsabótar. Rekaítak á jörðin í Sauðárós²² [...] og kemur þessi reki fyrir engjatak, sem Sauða á í Borgarland. Selstöðu á jörðin í Skolahnjúk í Kálfárdals jörðu. [...] Tveggja mánaða beit um vetur á jörðin fyrir sauðfje í Utanverðuness land eftir sem munnmæli segja, og skyldi hjer fyrir koma upphöggvið gras í Neshólma [...] Tólf hrossa beit segja og munnmæli að jörðin eigi í Ásgrímsstaða land, og þar í mót Ásgrímsstaðir engjatak nokkurt, þar sem Slopp heitir í Borgarland. [...] Túninu grandar sandfok, sem áeykst árlega. Enginu í sama máta og þar með vatn, sem jetur úr rótina; er og engjavegur mjög blautur og torsóktur, so víða þarf að brúa með stórerfiði. Hætt er sauðfje mjög á vetur fyrir hrakníngei í stórviðrum, sje ei með góðri gætni við varðað, so og fyrir foröðum og afætum. Hætt er húsum og heyjum fyrir stórveðrum. Heimræði er hjer og lendíng góð, og hafa hjer gengið skip eitt eður fleiri, so sem ábúandi fekk við komið. Nú gengur ekkert, því bæði er fólk fátt og aflalítið²³.

Árið 1849 er jörðinni lýst svo:

Túnið á heimajörðinni er um 10 dagsláttur, mestpart þýft, partur af því liggur í mýri, en annar á klöppum og brennur sá partur tíðum í þurrkasumrum. Yfirhöfuð er túnið vel umhirt og fóðrar í meðalári 3 kýr og 1 kýreldi gefst af nytgæfu útheyi. Engjar eru víðlendar en liggja langt frá ... yfirhöfuð er það sæmilega grasgefið og heygæði að því skapi. Sumarheit fyrir kýr og hross allgóð, en léleg fyrir sauðfé. Vetrarheit fyrir heiman Laxavík stopul, en betri fyrir framan á svokölluðum Skógum, einkum fyrir sauðfé. Torfrista sæmileg,

²¹ Byggðasaga Skagafjarðar I. Bls. 323.


²² Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 9. bindi, 1930. Bls. 53. Er Jarðabókin var gerð árið 1709 var ós Sauðárinna á mölinni austur af þar sem gatan Fornós er. Þar voru landamerki Sauðár og Sjávarborgar þá og áttu Borgarbændur því reka á öllum Borgarsandi, vestur á mölina „innan til við krókinn“ eins og þar er sagt.

²³ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 9. bindi, 1930. Bls. 53-54.

hrísrif nokkurt. Til hlunninda telst nokkur trjáreki á Borgarsandi og ítak í reka fyrir Sauðárlandi vestur að Fornós, samt nokkur silungsveiði í sjó og vötnum²⁴.

Á sama stað segir að túnið hafi verið 16,5 dagsláttur árið 1916. Það var þá slétt að mestu og gaf um 130 hesta af heyi. Engjarnar voru víðlent grasgefið flæðiland og gáfu árlega mörg hundruð hestburði af heyi. Sem dæmi má nefna að sumar eitt snemma á öðrum áratug 20. aldar voru 1000 hestar heyjaðir í Borgarmýrum einum og mun meira á Skógum, Víðihólma, Sauðáreyju og Ytri- og Syðri-Varphólma²⁵.

Árið 1908 keyptu Árni Daníelsson Sjávarborg, ásamt Stefáni Björnssyni og Jónasi Sveinssyni oddvita. Jónas átti fyrst og fremst svokallaðan Langatanga, þar sem hann byggði peningshús (sennilega fjárhús) og notaði í nokkur ár. Tóftir húsanna eru enn sýnilegar á Langatanga og tíundaðar hér, enda stutt þar til tóftirnar flokkst til fornleifa.



Jarðrækt er erfið í landi Sjávarborgar vegna votlendis. Túnakort Guðmunar Sveinssonar frá 1917 er villandi. Fjarlægðin milli kirkju og bæjar, eins og hún er sýnd á skyggða fletinum, er meiri en var í veruleikanum og ábúendur jarðarinnar til áratuga minnst ekki fjóstófta austan heimreiðarinnar, sem lögð var 1916. Það voru tóftir húsa uppi á Borg-


inni norðaustan við Barnaborgina, sem fyrr getur, og brunnur á Brunntungunni norðvestan í Borginni, austan þeirrar heimreiðar. Norðvestan við Barnaborgina, þar sem nú

²⁴ Byggðasaga Skagafjarðar I. Bls. 324.

²⁵ Hlíf Árnadóttir, Sjávarborg.

er íbúðarhúsið að Sjávarborg II, voru einnig tóftir húsa og brunnur og skammt vestan við nyrsta hluta Borgarinnar, vestan heimreiðarinnar frá 1916 var svokallað „sumarfjós“²⁶. Túnið var á Borginni og frá henni til suðurs og vesturs, að Áshildarholtsvatni. Austan við Borgina var ekki tún, en þar var nokkurra metra spilda, af torfærri mýri, að túngarði. Suður frá kirkjugarðinum var túnblettur sem kallaður var Beinrófa.

Minjakort



Hluti úr loftmynd N - 5296 / 17.06.1996 frá Landmælingum Íslands sýnir afstöðu skráðra minjastaða á og við Borgina og á Borgarmýrum. Helstu kennileiti: 1) Núverandi og fyrrverandi stæði kirkjunnar, 2) kirkjugarður, 3) gamla bæjarstæðið, 23) Rófugerði, 25) Lambagerði.

²⁶ Hlíf Árnadóttir, Sjávarborg.

Fornleifaskrá

S - 145953 50 - 1

Sérheiti: Sjávarborgarkirkja

Hlutverk: Kirkja

Tegund: Mannvirki

Aldur: Byggð 1853

Lega: N65°, 44, 05. V19°, 36, 36

Hættumat: Kirkjan er friðlýst og er í húsasafni Þjóðminjasafns Íslands.

Staðhættir

Kirkjan stendur um 70 metra norðan við núverandi íbúðarhús, á norðanverðri Borginni. Húsið snýr í norður-suður átt. Dyr snúa til suðurs.



Lýsing

Kirkjan er úr timbri, reist 1853.

Utanmál: 8,48 m að lengd og 4,25 m að breidd.

Innanmál: Lengd 8,02 m, breidd 3,78 m. Kórinn er 2,90 m (l.) x 3,98 m (br.).

Frá kór að kirkjudyrum eru 5,12 m, gangbreidd 0,98 m. Vegg hæð er samtals 4,16. Hæð í mæni 4,48 m. Sperrulengd er 2,65 m, og er sperran sjálf 15 x 7,5 cm þykk. Skammbiti er 1,01 m að lengd og 11,8 x 4,5 cm þykkur. Tveir sexrúðu gluggar eru á hvorri hlið. Einn fjögrarúðugluggi er á hvorum stafni og á austurhlið, yfir predikunarstóli. Utanmál glugga, gerekta og vatnsbretta er 0,85 m x 1 m. Innanmál 0,71 m x 0,86 m. Utanmál glugga á súð að austan 0,51 m x 0,43 m. Innanmál sama glugga er 0,46 m x 0,34 m. Kirkjan er 6 stafgólf. Þar af er kórinn tvö. Bil milli stafgólfa eru óregluleg. Milli 3.

og 4. stafgólfs eru skakkstífur undir miðbita, til styrktar. Að innan er loftið klætt með skarsúð, en með rennisúð að utan. Póstpil eru á veggjum undir bitum og á skilrúmum milli kórs og kirkjuskips. Kirkjan er alþiljuð. Gólfíð er úr plægðu timbri. Bekkir eru 13 og felldir í fótstykki, einnig kórbekkir.

Aðrar upplýsingar

Sjávarborgarkirkja var tekin á fornleifaskrá þann 6. október 1972. Kristmundur Bjarnason skrifaði og birti sögu kirkjunnar í bókinni Sauðárkróskirkja og formæður hennar og skal hér vísa til skrifa hans. Eftir að kirkjan var aflögð árið 1892 var hún notuð sem geymsla. Hún stóð fyrst norðan við gamla torfbæinn og var flutt austur fyrir núverandi íbúðarhús er það var reist 1928-1930 og stóð þar þangað til hún var flutt þangað, sem hún nú stendur. Hún var endurvígð þann 21. ágúst árið 1983.

Kirkjumunir:

Altarið er 106 cm á hæð, 119 cm á breidd og 63 cm á dýpt. Með tveimur hurðum. Úr ómálaðri furu.

Altarisdúkurinn er hvítur, með húllsaumuðum munsturbekk og blúndu á brúnum. Gyða Jónsdóttir gaf kirkjunni dúkinn.



Altaristaflan sem er eign Þjóðminjasafns Íslands er með mynd af síðustu kvöldmáltíðinni. Taflan kom til safnsins frá Stóra-Holti í Fljótum í byrjun 20. aldar. Hún var gerð árið 1782 af Jóni Hallgrímssyni málara, sem bjó á Lóni í Viðvíkursveit 1783-1799. Hún er 1,15 m á hæð og 0,92 m á breidd, máluð á tveggja fjala tréspjald. Umgjörðin er rauðmáluð. Undir og yfir eru þykkar bríkur, með gráhvítri marmaramálningu.

Prédikunarstóllinn er úr furu, ómálaður, fimmkantaður. Listi á efri brún er strikaður og útskorinn. Neðan við hann er strikaður tannlisti og annar niður á móts við botninn. Niður úr standa útskornir og gegnskornir fjalaendar. 15 cm breið höfðaleturslína er skorin umhverfis stóllinn, sem segir: *lofed / gud i / hans / helg / edom* og er sem bönd séu dregin í gegnum stafina. Á miðfjölinu hefur verið skrifað

með rauðkrít: ANNO 1719. Stóllinn er eign Þjóðminjasafns Íslands og var áður í Tröllatungukirkju.

Ljóskaefa úr messing, *skarbítur* úr kopar frá 19. öld og *hurðarhringur* úr kopar með ártalinu 1663, er smíðaður af Jóni Magnússyni hreppstjóra á Sjávarborg. Heiðbjört Björnsdóttir gaf kirkjunni þessa þrjá gripi þegar hún var endurvígð. Jóhanna Pétursdóttir hafði gefið henni þá og hafði hún fengið þá úr búi Elínborgar dóttur Þóru Brynjólfssdóttur og Péturs Péturssonar prófasts, sem fékk Sjávarborg í arf eftir foreldra sína og bjó þar um tíma.

Diskur eða skál úr sterlingssilfri með laufskreytingu á börmum er frá Heiðbjörtu Björnsdóttur.

Altarisstjakar úr kopar og messing. Einn er þriggja arma, eirblandaður og útflúraður á hárrí stétt, aðrir tveir eru þriggja arma og enn aðrir tveir fyrir eitt kerti. Heiðbjört Björnsdóttir og Haraldur Árnason gáfu kirkjunni alla stjakana.

Tveir *ljósa hjálmur* úr kopar, fimm arma, eru í kór og framkirkju og sexarma hjálmur er í miðju kirkjuskipi.

Skírnarfat úr messing. Umhverfis blaðhvírfinguna á botninum er greinastrengur og leturlína með: ICH-BART-GELVK-AL3E+T.

Söngtaflan er ný, úr furu, ómáluð. Hún er 50 x 50 cm að stærð með tveimur römmum fyrir sálmanúmer. Sverrir Björnsson smíður frá Viðvík smíðaði 1994.



Grafskriftartafla Bjarna Jónssonar bónda á Sjóvarborg, sem lést 1838. Taflan er úr eik, furu og mahóní. Hún er 42,5 x 59,5 cm, skorin í nýklassískum stíl og máluð dökkbrún með gylltum listum og skreytt með látúns- og silfurplötum. Í prófastsvísitasíu 1842 er getið um „grafskrift undir glasi í innlögðum og gylltum mahóní-römmum eftir Bjarna sál. Jónsson, sem lengi bjó á Sjóarborg“, sem er hin sama tafla og hér um ræðir. Hún var seld á uppboði er kirkjan var lögð niður og hékk lengi á heimili Bjarna Jónssonar formanns á Sauðárkróki. Hún gekk frá honum til fóstursonar hans,

Óskars Stefánssonar málara á Sauðárkróki og Páll sonur hans afhenti hana Safnahúsinu á Sauðárkróki. Hún kom aftur í kirkjuna árið 2003, eftir viðgerð og skráningu hjá Byggðasafni Skagfirðinga. Upphaflega grafskriftin, ljóð í sex erindum eftir Jónas Jónsson hálfbróður Bjarna, bónda á Syðra-Vatni í Lýtingsstaðahreppi, var ónýtt, en hefur verið endurgerð eftir uppskrift Jóns Þ. Björnssonar skólastjóra á Sauðárkróki. Kári Þorsteinsson smiður á Sauðárkróki gerði við töfluna árið 2002, en henni fylgir sú sögn frá Jóhönnu Pétursdóttur, að hún hafi verið sveinsstykki Ólafs Gunnlaugssonar Briem á Grund í Eyjafirði.

Kirkjan á nokkrar bækur, svo sem: *Biblíu* útg.1981, *Helgisíðabók* þjóðkirkjunnar útg. 1981 og 40 *Sálmabækur*.

Kirkjuklukkan er úr kopar, með ártalinu 1727, henni fylgir arnarkló.

Í Þjóðminjasafni Íslands eru varðveittir nokkrir munir úr kirkjunni frá gamalli tíð:

Grafskriftartafla (Þjms.7202) saumuð með gull- og silfurvír á svart flauel og sett í burstalaga mahóníumgjörð. Grafskriftin er: M UO de SIGÞRÚÐUR / SKULADOTTIR. Fædd / 17 0ctobr: 1835. GIFT. 8 NOV: - / 58. Dáin 25 Júlí 1862. SÆTAST / ÞUSIGURHRÓSSINGURLA / -USNARAHÍASKJÆRASTLO / GADILJÓSLIFSMEDANÞIG / HÍERSAGIÆDSKUOGGAFNA / ÞINASNIRTEG-SAMFUND- / UMFAGNAMA.ELSK.T.M.EP. Minningarorðin eru: Sætast þú sigurhrós, / syngur lausnara hjá / skærast logaði ljós / lífs meðan þig hér sá / gæsku og gáfna þinna / sni(a)rt ég samfundum fagna má. / Elsk[andi] t[engda]m[óðir] E[línborg] P[étursdóttir] (Sem hefur saumað þetta sjálf).

Grafskriftartafla (Þjms. 7203) gerð á sama hátt og hin en aðeins stærri. Á hana er saumað: S UO ra UF SIGURÐUR ARN-/ ÓRSSON FÆDDUR 7. MRZ / 1798. GIPTUR 1.NÓV. 1828, / DÁINN / FYRIR FRELSARANS BLÓÐ, / FEINGIN ER DÝRÐIN SÚ, ÞÍN, / SEM YNDI MITT, FRA / ÆSKUSTUNDUMVAR, ÁST- / HEITAHJARTAD ÞITT-/ SÆLVÍDAPTURFYNNUMSTÞAR. / ÞÍN ELÍNBOG PJETURSDÓTTIR (Sem hefur einnig saumað þetta sjálf). Minningarorðin eru: Dáinn fyrir frelsarans blóð / fengin er dýrðin sú / þín sem yndi mitt / frá æskustundum var / ástheita hjartað þitt / sæl við aftur finnumst þar.

Kirkjuklukka (Þjms. 1978-103) með rómönsku lagi, með upphleyptum brúnum neðst. Kólfinn vantar. Var í kirkjunni á Sjóvarborg á 19. öld.

Altaristafla (Þjms. 10964/ NmtK-F194) úr furu. Á vængjum eru postulamyndir. Utan á eru Pétur og Páll og innan á, Andrés og Tómas. Á miðtöflunni eru tvær myndir. Ofar er kvöldmáltíðin, neðar er krossfestingin. Útsagaðar og málaðar englamyndir ganga út frá töflunni og yfir er brík með englum. Á brún ofan við vængina er letað: HERR: GISLE THORLACKSEN, RAGNHILDER JONS DOTER. Á undirbrík er letað ANNO – 1680. Herra Gísli Þorláksson og Ragnheiður Jónsdóttir (á töflunni skrifuð Ragnhildur) biskupshjón á Hólum gáfu upphaflega Grafarkirkju þessa töflu og hafa þau sennilega látið gera töfluna í Kaupmannahöfn. Hún var færð Sjóvarborgarkirkju er Grafarkirkja

var lögð af á 18. öld. Í gagnagrunninum Sarpi segir að stuttu fyrir aldamótin 1900 hafi B. Muus kaupmaður afhent töfluna til Folkemuseet í Kaupmannahöfn og sagt hana til hans komna úr Sjóvarborgarkirkju. Þjóðminjasafn Íslands fékk töfluna afhenta frá Danmörku á fyrri hluta 20. aldar. Hún er nú í Grafarkirkju á Höfðaströnd.

Munir sem afhentir voru Sauðárkróskirkju árið 1892 og eru þar enn:

Patínudúkur úr svörtu flaueli með baldýruðu ártalinu 1838 og tilvísuninni: *ÞETTA ER MINN LÍKHAMI: MATTH: 26.26. MARK:14.22. LUK.22.19.* Dúkurinn er verk frú Elínborgar Pétursdóttur sem bjó á Sjóvarborg á árunum 1844-1848 og 1868-1888.

Myndverk, hluti altarisklæðis, með útsaumuðum blómum. Einnig verk frú Elínborgar Pétursdóttur. Prófastshjónin á Víðivöllum, séra Pétur Pétursson og Þóra Brynjólfsdóttir, foreldrar Elínborgar, gáfu Sjóvarborgarkirkju klæðið.

Hökull úr grænu rósamunstruðu silkidamaski með gylltum borðakrossi og borðalögðum brúnum.

Heimildir

Byggðasaga Skagafjarðar I. Akureyri 1999. Bls. 325.

Hlíf Árnadóttir, Sjóvarborg.

Kristmundur Bjarnason, 1992. *Sauðárkróskirkja og formæður hennar.* Bls. 57, 58, 105, 202, 203.

Sarpur. Þjóðminjasafns Íslands – Alm. munaskrá nr. 7202, 7203, 8681, 10964 / NmtK-F194, 1978-103.

Sigríður Sigurðardóttir, S. Helgi Sigurðsson. Vettvangsskoðun 2003.

Skrá um friðlýstar fornleifar, 1990. Reykjavík.

S - 145953 50 - 2

Sérheiti: Kirkjugarðshóll

Hlutverk: Kirkjugarður

Tegund: Kirkjugarður

Lega: N65°, 43, 60. V19°, 36, 39

Hættumat: Jarðrask er varhugavert og vert er að hafa augun hjá sér ef leggja þarf síma-, vatns-, eða rafmagnslagnir.



*Horft úr suðri, frá sundinu þar sem fjós og fjóshlaða stóðu áður, yfir kirkjugarðs-
svæðið að íbúðarhúsi.*

Staðhættir

Kirkjugarðurinn var sunnan við gamla bæinn, um 15 m suður frá núverandi íbúðarhúsi. Með suður- og austurhlið garðsins er runnabelti til skjóls, um 20 m á kant.

Lýsing

Garðurinn var fremur sporöskju- laga en hringlaga, því hann mjókkaði lítið eitt til suðurs.

Veggir garðsins, sem voru hlaðnir, stóðu illa og voru

alltaf að hrynja, eins og fram kemur í vísitasíum. Jarðvegur í garðinum var takmarkaður.

Aðrar upplýsingar

Í sögu Sauðárkróks segir: „Kirkjugarðurinn á Sjóvarborg var aflagður 1893, þegar kirkjugarðurinn á Sauðárkrók var tekin í notkun“.

Áður en kirkjugarðurinn var plægður og sléttaður um miðja 20. öld sást hvergi móta fyrir garði, en leiði voru greinileg.

„Í norðvesturhorni kirkjugarðsins var komið niður á mikið af beinum og nokkrar hauskúpur, þegar grafið var fyrir tveimur samtengdum rafmagnsstaurum þar. Var það allt jarðsett á ný, nema ein hauskúpa, sem einn rafverkamannanna hirti og hafði heim með sér. Árið 1955 var lagður rafmagnskapall í jörð yfir Kirkjugarðshólinn frá íbúðarhúsi til peningshúsa. Þá kom einnig upp talsvert af beinum, sem jafnótt voru sett aftur á sinn stað. Þar sá einnig í kistur“ (Hlíf Árnadóttir).

Heimildir

Byggðasaga Skagafjarðar I. Akureyri 1999. Bls. 325.

Hlíf Árnadóttir, Sjóvarborg.

Kristmundur Bjarnason 1969. *Saga Sauðárkróks*, I. Bls. 301.

Kristmundur Bjarnason í september 2003.

S - 145953 50 - 3

Sérheiti: Sjávarborg

Hlutverk: Heimild um torfbæ

Tegund: Bæjarhóll - bæjarstæði

Hættumat: Allt horfið.

Staðhættir

Steinhúsið sem nú er á Borginni var byggt 1928-1930 fast norðaustan við gamla bæinn.



Fjórar burstir snéru til vesturs fram á bæjarhlaðið. Á ljósmyndina vantar syðstu burstina, á baðstofunni. Frá vinstri (norðri) talið eru: Stofa með lofti yfir, þá Litli skáli með bæjardyrum, og einnig með lofti yfir og syðst er Skáli. Sunnan við hann var Vesturhús baðstofunnar, sem lá austur-vestur með burst fram á hlaðið. Bærinn var að hluta rifinn áður en steinhúsið reis.



Á neðri myndinni eru tveir bílar, sá til hægri er Chevrolet árgæð 1925, hinn sami og Árni á Sjávarborg ók þvert yfir Ameríku það ár, á leið til Íslands. Hinn er einnig Chevrolet, árgæð 1942. Aftan við hann sér á gafl kirkjuhússins, sem notað var sem geymsla er myndin var tekin um miðja 20. öld. Þriðja hæðin var byggð ofan á húsið árið 1951.

Lýsing

Samkvæmt úttekt á jörðinni þann 3. maí árið 1893 var nýbúið að laga suðurhlið baðstofunnar og mæninn. Suðurveggur gangna var lélegur, en búr og eldhús voru í lagi sem og bæjardyrhúsið með stofu „að sunnanverðu í bæjardyrum“, sem á 20. öld var kölluð Skáli, agnarlítið alþiljað herbergi þar sem gestir voru hýstir. Austan við Litla skála og Skála voru búr og eldhús. Á milli voru göng sem lágu frá búrdyrum norður-suður, til baðstofunnar og til bæjardyrhúss frá búrdyrum austur-vestur. Austur frá eldhúsinu var for. Í sóknarlýsingu Gísla Konráðssonar frá árinu 1839 kemur fram að baðstofan á Borg var portbyggð og talin með reisulegustu húsum í sókninni.

Heimildir

Byggðasaga Skagafjarðar I. Akureyri 1999. Bls. 325, 332.

HSk. Sauðárhreppur: *Úttektabók 1891-1908.* 3. maí 1893.

Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags II. Skagafjarðarsýsla, 1954. Safn til Landfræðisögu Íslands. Akureyri. Bls. 40.

S - 145953 50 - 4

Sérheiti: Messuklöpp

Hlutverk: Áningarstaður

Tegund: Örnefni

Hættumat: Messuklöpp er í engri hættu.

Staðhættir


Óvissa er um hvar svokölluð Messuklöpp er. Um tvo staði er að ræða. Annars vegar klapparstall sunnan undir Barnaborg, sem svo er kölluð, sem rís allhált skammt sunnan og vestan við gamla bæjarhólinn, um 40 metra suðvestur frá bænum. Hins vegar smá klöpp, sem skilur sig lítið eitt fram úr graslendinu suðaustan í Kirkjugarðshólnum.

Aðrar upplýsingar

Þarna áðu kirkjugestir, og fóru úr ferðafötum áður en þeir gengu til kirkju.

Heimildir

Kristmundur Bjarnason, í vettvangsferð 2003.



Á loftmyndinni má sjá hvar minjar eru á og við Borgina. Númerin eru hin sömu og fornleifarnar eru skráðar á hér í skýrslunni:

- 1) Kirkjustæðin, þá og nú,
- 2) Gamla kirkjugarðsstæðið,
- 3) Þar sem torfbærinn stóð fyrrum,
- 4) Tillaga að Messuklöpp, annar staður, skammt frá, kemur einnig til greina,
- 5) „Blótsteinninn“,
- 6) Heimild um eystri öskuhauginn,
- 7) Barnaborg (sennilegur staður),
- 8) Heimild um fjós og hlöðu,
- 9) Heimild um brunn,
- 10) Heimild um peningshús, „Sumarfjósið“.
- 11) Álfabrekka,
- 12) Túngarðurinn,
- 16) Kvíar.

→ Örin bendir á heimreiðina frá 1916.

S - 145953 50 - 5

Sérheiti: Blótsteinn

Hlutverk: Munnmæli

Tegund: Náttúruminjar

Hæð: 0,52 m

Lengd: 0,77 m

Breidd: 0,52 m

Hættumat: Steinninn er ekki í hættu.



Á myndinni sést „blótsteinninn“ nr. 5. Fjær rís Barnaborg nr. 7. Í sundinu austan við Barnaborgina, sem ber yfir steininn, voru tóftir peningshúsa sem hurfu undir fjóshlöðu á fjórða áratug 20. aldar. Gamall heyblási er á fjósstæðinu, lengst til vinstri. Örin bendir á hlöðustæðið þar sem tóftirnar voru.

er um 22 cm í þvermál og tekur tæplega 2 dl. Rautt krossmark er greinanlegt í botni stærri skálarinnar og nær yfir hana næstum alla. Víst er talið að krossmarkið hafi verið á steininum á ofanverðri 19. öld og þá kallað Þórsmarki eða Þórshamar. Hringlaga skál er í annan enda steinsins, 3,3 – 3,5 cm að innanmáli og 2 cm djúp.

Aðrar upplýsingar

Steinninn komst í eigu Kristmundar Bjarnasonar á Sjóvarborg um 1974-1978. Sagt er að steinninn sé blótsteinn úr hoftóft sem átti að hafa verið á Hofi í Vesturdal. Sumarið 1853 brá fræðapulurinn Jón Borgfirðingur, sem var kaupamaður á nokkrum bæjum í Blönduhlíð, sér fram að Hofi og skoðaði stein þennan og skrifaði hann Jóni Árnasyni þjóðsagnasafnara um gripinn og birti Jón umsögn nafna síns í þjóðsagnasafni sínu. Þar segir frá því að þegar grafið var í tóftir utan við bæinn á Hofi hafi steinninn komið í ljós. Eigendur Hofs og ábúendur 1851-1873 voru Bjarni Hannesson prests Bjarnasonar og Margrét Árnadóttir smíðs Sigurðssonar sem löngum var kenndur við Stokkhólma. Fyrstu búskaparár þeirra á Hofi var Hofsbærinn byggður upp að einhverju leyti og var blótsteinninn settur í norðurkamp bæjardyranna. Þar sat hann að minnsta kosti fram á sjötta áratug 20. aldar, er bærinn var rifinn. Giskað hefur verið á að holan í enda steinsins gæti hafa verið ætluð til festingar hans við dyrastaf með einskonar „reginnagla“ (K.B.).

Heimild

Kristmundur Bjarnason í september 2003.

Staðhættir

Steinninn er á klapparhól um 10 metra sunnan við núverandi íbúðarhús.

Lýsing

Steinninn er ferkantaður og vel lagaður, sennilega af náttúrunnar hendi. Brotnað hefur úr honum svo í hann er allmikið skarð að neðanverðu. Það kann að vera af völdum manna, því sagnir herma að fyrir steininum hefði legið að vera klofinn í sundur, en komið var í veg fyrir það á sínum tíma. Í steinninn eru klappaðar tvær skálar. Stærri skálinn og sú dýpri er um 23 cm í þvermál og tekur 9-9,5 dl. Hin minni

S - 145953 50 – 6

Hlutverk: Öskuhaugur

Tegund: Heimild um öskuhaug

Lega: N65°, 43, 60. V19°, 36, 35

Hættumat: Rannsaka þarf hvern rúmmetra sem upp er grafinn af haugnum, því eins og dæmi hér sanna getur ýmislegt leynst í honum frá fyrri öldum.



Á myndinni sést mikið rof í bæjarhólinn, þar sem vestari öskuhaugurinn var. Þar fannst rómanskur róðukross með kristsmýnd árið 1956 og útskorin tönn árið 1959. Það glittir á þak jarðhúss, sem grafið var í hólinn og notað sem kartöflugeymsla og seinna reykhus, er steyptir voru í það veggir og gólf.

mýrarforað undir brekkunni, beint austan við hauginn, innan túngarðs. Hinn haugurinn sem var „efalítið miklu eldri og stærri, var í Bæjarhólnum vestan við gamla bæjarhlaðið. Syðri mörk hans eru við Álfabrekku, en um norðurmörk hans er óljósara. Úr þessum haug var tekin mikil aska, sem notuð var sem áburður í nýrækt í Borgargerðislandi þar sem hún liggur að Áshildarholtsmerkjum“ (H.Á.) Í rofinu fann Kristmundur Bjarnason róðukross úr furu og eir sumarið 1956. Hann er 10,6 cm hár og 8,8 cm breiður. Kristsmýndin (róðan) á krossinum er gerð af eir og skreytt með smelti. Róðan er 5 cm löng, „ber Kristur kórónu, er skeggjaður, lýtur fram og hneigir höfuðið til vinstri“ (Sarpur, Þjms. 1956-80). Um svipað leyti fann Haraldur Árnason útskorna tönn eða tannflögu með lágum upphleyptum útskurði. Hún er 7,2 cm að hæð, 6,9 cm breið og um 1 cm á þykkt. Á beinið er grafinn bókstafurinn „þ til vinstri á fleti, stafurinn er með laufguðum greinum og snýr lóðrétt við, en til hægri sverð“ (Sarpur, Þjms. 1959-63)

Heimildir

Haraldur Árnason í nóvember 2004 (yfirlestur).

Hlíf Árnadóttir í febrúar 2004 (yfirlestur).

Sarpur. Menningarsögulegur gagnagrunnur. Alm. munaskrá, Aðrar upplýsingar, Lýsing, nr. 1956-80, 1959-63.

Staðhættir

Öskuhaugurinn var tvískiptur, annar hluti hans var norðaustan við Kirkjugarðshólinn og snéri norður-suður, austan við gamla bæjarstæðið, fast austan við núverandi íbúðarhús. Hinn var vestan í Borginni, vestan við bæinn og vestan núverandi íbúðarhúss, norðan við yngstu heimreiðina.

Aðrar upplýsingar

Askan úr austari haugnum var notuð til þess að fylla upp

S - 145953 50 - 7

Sérheiti: Barnaborg

Hlutverk: Örnefni

Tegund: Örnefni

Lega: N65°, 43, 60. V19°, 36, 38

Hættumat: Lítil hætta er á að Barnaborg verði fyrir hnjaski.



Á myndinni sést Barnaborgin til hægri. Gamlan blásara ber í hlöðugafl sunnan við sundið. Þar sem blásarinn stendur var fjósið frá 1911. Nær var hlaðan, sem var byggð á gömlum tóftarbrotum.

Staðhættir

Barnaborg er hamar sem rís allhótt skammt sunnan og vestan við gamla bæjarhólinn, um 40 metra suðvestur frá bænum. Á milli Barnaborgarinnar og kirkjugarðsins er þýft drag eða sund.

Munnmæli

Barnaborg dregur nafn sitt af því að þar fórust tvö börn sem voru að leika sér við að velta sér í tunnu í brekkunni. Valt tunnan vestur af klöppinni og börnin dóu bæði.

Aðrar upplýsingar

Í sundinu austan við Barnaborg var byggt fjós árið 1911. Norður af því voru tóftir sem hurfu undir hlöðu sem reist var (steypt) 1930-1940. Norðan við hlöðuna var byggð votheysgryfja um 1965. Suðvestan við Barnaborgina var hlandfor, og austur af henni upp við klapparveginn var kofi. Búið er að fjarlægja öll þessi mannvirki.

Heimildir

Kristmundur Bjarnason. Örnefni í landi Sjávarborgar og Borgargerðis.

S - 145953 50 - 8

Hlutverk: Fjós

Tegund: Heimild um fjós og hlöðu

Lega: N65°, 44, 90. V19°, 36, 10

Hættumat: Grunnar fjóss- og hlöðu geta leynst í jörðu og gætilega þarf að fara ef þarf að raska jarðvegi.

Staðhættir

Tóftir fjóss og hlöðu voru þar sem nú er íbúðarhús að Sjóvarborg II .

Lýsing

Þarna er allt horfið.

Aðrar upplýsingar

Í úttekt frá 3. maí 1893 kemur fram að þá var nýlega búið að gera við fjósið á Sjóvarborg, skipta um veggrafa og hliðarása og hlaða upp norðurvegg „fyrir ofan grjót“ og nýtt þak hafði verið sett á fjósið. Einnig var búið að bæta göng til útidyra á fjósinu og heyhlöðunni, sem tók 100 hesta af heyi. Samkvæmt Túnakorti frá 1917 er sagt að fjós og hlaða hafi verið austan við heimreiðina, norður af Sjóvarborg. Heimafólk, sem gjörþekkir staðhætti, véfengir þá staðsetningu. Hins vegar voru greinilegar rústir peningshús vestan við Borgina norðanverða, vestan við heimreiðina sem lögð var upp á Borgina úr norðvestri árið 1916. Þar var lengi hár torfveggur, sem lá austur-vestur, og suður frá vesturenda hans lá veggur, hlaðinn var úr torfi og grjóti. Talað var um að þarna hefði verið sumarfjós, sem gæti upphaflega hafa verið fjárhús eða hesthús.

Heimildir

Hlíf Árnadóttir í febrúar 2004 (yfirlestur).

HSk. Sauðárhreppur: Úttektabók 1891-1908. 3. maí 1893.



Horft úr norðri upp á Borgina, í skugganum næst á myndinni, vinstra megin heimreiðarinnar sem lögð var 1916, voru kvíarnar nr. 16, þar upp af er Brunn tungan þar sem brunnurinn var.

Heimildir

Hlíf Árnadóttir.

HSk. Sauðárhreppur: Úttektabók 1891-1908. 3. maí 1893. Kristmundur Bjarnason, vettvangsskoðun.

S - 145953 50 - 9

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Heimild um brunn

Hættumat: Hér minnir ekkert á brunninn lengur, en greinileg rekja er í jörðu.

Staðhættir

Brunnur var á svonefndri Brunn-tungu, norðan til undir Borginni vestanverðri, austan við heimreiðina frá 1916.

Aðrar upplýsingar

Tveir brunnar „álítast í allgóðu standi“ segir í úttekt frá 3. maí 1893. Annar var sá er hér um ræðir og var vatnið í honum svo hart að ekki var viðlit að þvo þvotta úr því, né sjóða í því baunir (H.Á.)

S - 145953 50 - 10

Sérheiti: Sumarfjósíð

Hlutverk: Tóftir

Tegund: Heimild um fjós eða fjárhús

Lega: N65°, 44, 30. V19°, 36, 38

Hættumat: Húsgrunnar gætu leynst í jörðu.

Staðhættir

Svokallað Sumarfjós var vestan heimreiðarinnar frá 1916, á flatanum við vatnið vestan við Borgina norðverða og vestan við heimreiðina, sem lögð var 1916. Um 250 metra norðan við íbúðarhúsið að Sjávarborg II. Þarna voru greinilegar rústir peningshúss um miðja 20. öld, hár torfveggur, sem lá austur-vestur, og suður frá honum, frá vesturenda, lá veggur sem hlaðinn var úr torfi og grjóti.

Lýsing

Þarna hefur verið sléttað, en smá þústir gefa til kynna hvar hús þessi hafa staðið.

Aðrar upplýsingar

Talað var um að þarna hefði verið sumarfjós. Fjárhús yfir 50 ær var á Sjávarborg samkvæmt úttekt frá 3. maí 1893. Ekkert er vitað hvenær þau voru lögð af en þau gætu vel hafa verið notuð sem fjós yfir sumartímann síðustu árið sem þau stóðu.

Heimildir

Hlíf Árnadóttir í febrúar 2004 (yfirlestur).

HSk. Sauðárhreppur: Úttektabók 1891-1908. 3. maí 1893.

S - 145953 50 - 11

Sérheiti: Álfabrekka

Hlutverk: Álagablettur

Tegund: Álagablettur

Lega: N65°, 43, 60. V19°, 36, 38

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir

Álfabrekka er vestan í bæjarhólnum, norðan við núverandi heimreið. Norðan við Álfabrekku eru ummerki um efnistöku til nýræktar. Sjá nr. 6.

Munnmáli

Álfabrekka var gróðurlaus vegna þurrka á fyrri hluta 20. aldar, eða þar til Árni Daníels-son bóndi á Sjávarborg og Stefán Björnsson mágur hans tóku melgresisfræ úti á Borgarsandi og sáðu í brekkuna. Melurinn dafnaði vel, en þarna mátti ekki slá. Tvisvar sinnum á búskaparárum Árna var bletturinn sleginn í ógáti af kaupamönnum sem þekktu ekki til. Í fyrra skiptið sem brekkan var slegin var verið að binda heim hey af túninu. Á meðan vinnufólk sat að snæðingi var áburðarhestunum sleppt í túnið og þegar fólkið kom aftur til vinnu lá einn hesturinn dauður í flæðarmálinu við Áshildarholtsvatn og flaut vatn um granir hans. Í seinna skiptið varð stálpaður kvígukálfur bráðkvaddur á heimreiðinni rétt austan við túngarðinn. Önnur sögn tengist Borginni allri fremur en einstökum hluta hennar, en hún er sú að er Pálmi Pétursson kom að Sjávarborg árið 1893 var honum sögð þau álög að ekki mætti ala naut á Borginni, því það yrði mannýgt af bergmáli frá hamraveggjunum. Pálmi lét sér fátt um finnast og rauf þær álögur og taldi sig ekki verða fyrir neinum skakkaföllum, en sögnin lifir.

Heimildir

Byggðasaga Skagafjarðar I. Akureyri 1999. Bls. 326.



Undirhleðslur túngirðinga og -garður eru vel greinileg hér og hvar. Syðst við Áshildarholtsvatn (efri mynd til vinstri) er túngarður myndaður af uppkastinu úr skurðinum. Norðan við Borgina (neðri mynd til vinstri og efri mynd til hægri) eru leifar undirhleðslu undir vírgirðingu, sem girt var umhverfis Borgina á fyrri hluta 20. aldar.

S - 145953 50 - 12

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Breidd: 60 cm

Hleðsluhæð: 40 cm

Lega, syðst, við skurð í Áshildarholtsvatn: N65°, 43, 52. V19°, 36, 20.

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir

Túngarðurinn (mynd frá 24. 10. 2003) gengur frá austanverðu Áshildarholtsvatni, austur að gamla afleggjaranum sem lá niður á mýrarnar og um 80 metra norðan við trébrú á núverandi afleggjara og afmarkar suðurhlið heimatúnsins.

Lýsing

Garðurinn er um 30 metra langur og allur grasi vaxinn. Hann er uppkast úr skurðinum sem hann liggur meðfram.

Aðrar upplýsingar

Garðurinn er tíundaður í úttekt þann 3. maí 1893. Túngarðurinn, eins og hann var og hét, sveigði til norðurs frá gamla afleggjaranum, sem lá niður mýrarnar, og alla leið norður fyrir Borgina. Kippkorn norðan og austan við hana þverbeygði hann til vesturs og talsvert vestan við núverandi heimreið beygði hann beint til suðurs að Áshildarholtsvatni og var þar hlaðinn dálítið fram í vatnið.

Heimildir

Hlíf Árnadóttir (viðbót við yfirlstur).

HSk. Sauðárhreppur: Úttektabók 1891-1908. 3. maí 1893.

Vettvangsathugun í september 2003.

S - 145953 50 - 13

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Heimild um brunn

Hættumat: Brunninum þornaði upp árið 1949, að talið var vegna hitaveituframkvæmdanna.

Staðhættir

Brunnur þessi var vestur á túninu, nokkra metra suðaustan við íbúðarhúsið að Sjávarborg II.

Aðrar upplýsingar

Tveir brunnar „álítast í allgóðu standi“ segir í úttekt frá 3. maí 1893.

Annar var með brunnhúsi yfir og var það ásamt umbúnaði við vatnstökuna og fjósbúnaður sem honum tengdist metið á 3 kr. Ekki er sagt hvers konar útbúnaður þetta var, en það gæti hafa verið vinduverk, en greinilegt er að hann tengdist fjósi.

Hinn brunnurinn er löngu uppfylltur. Var sá austan heimreiðar, rétt vestan við Borgina norðanverða.

Heimildir

HSk. Sauðárhreppur: Úttektabók 1891-1908. 3. maí 1893.

Kristmundur Bjarnason í september 2003.



S - 145953 50 - 14

Hlutverk: Fjárhús / stekkur

Tegund: Tóft

Lega: N65°, 43, 45.

V19°, 36, 26

Breidd: 1-2 m

Hleðsluhæð: 0,40 m

Lengd: 19 m

Breidd: 6 m

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir

Frá Sjárvarborg, liggur vegslóði til austur af heimreiðinni suðaustur á Borgarmýrar.

Tóftir fjárhúsanna eru fast sunnan við veginn í beygjunni þar sem hann sveigir til austurs.

Lýsing

Tóftin er grasivaxin og ekki sést í hleðslur. Dyr snúa í austur. Aðeins sést móta fyrir þvervegg í vesturenda tóftarinnar sem gæti hafa verið heytóft.

Aðrar upplýsingar

Um 50 metra norðaustan við tóftirnar liggja gamlir skjólgarðar fyrir búpening frá árunum 1880-1890. Einnig eru víða á þessu svæði, norðan við vegslóðann, norðan austan tóftanna, gömul heystæði.


Árið 1893 var sagður stekkur „suður og austur frá Borginni, sem ekki er í gildu standi og gjörði viðtakandi ekki tilkall til hans, var honum því sleppt“, eins og þar segir. Sennilega hafa fjárhúsin verið hlaðin upp á grunni stekksins.

Heimildir

Byggðasaga Skagafjarðar I. Akureyri 1999. Bls. 329.

HSk. Sauðárhreppur: Úttektabók 1891-1908. 3. maí 1893.

Vettvangsathugun í september 2003.



S - 145953 50 - 15

Hlutverk: Þvottaból / hlóðir

Tegund: Heimild um hlóðir

Lega: N65°, 43, 46. V19°, 36, 60

Hættumat: Hlóðirnar eru horfnar.

Staðhættir

Hlóðirnar tilheyrðu ullarþvottabóli, sem fyrst var við gamla Kílinn og seinna við handgrafinn skurð, nýja Kílinn, sem gerður var á milli Áshildarholtsvatns og Miklavatns um 1937. Hlóðirnar voru um 25 metra sunnan vegar, þar sem nú er brú á skurðinum.

Aðrar upplýsingar


Í skurðinum var stundum svolítill straumur, því þar gætti flóðs og fjöru, sem nægði til þess að hægt var að skola ullina í þar. Hún var svo þurrkuð í litlum skeifulaga hvammi sem þarna var suðaustan í holtinu, sunnan við núverandi skurð. Sauðárkrækingar létu dýpka handgrafna skurðinn og breikka hann með vélgröfu upp úr 1980. Þá var sett á hann núverandi brú, sem áður var hluti af gömlu (elstu) Austurvatnabrúnni. Tilgangurinn með skurðgreftinum var að lækka yfirborð Áshildarholtsvatns til að þurrka upp mýrarnar norðan Borgarbrautar. Við þetta lækkaði vatnsyfirborðið um 1-1,5 m. Áður var ullin þvegin í gamla Kílnum sem er vestar og sér enn greinilega móta fyrir honum. Þar voru áður jarðamerki milli Sjávarborgar og Borgargerðis, en þau voru færð að skurðinum er hann var grafinn.

Heimildir

Haraldur Árnason í nóvember 2004 (yfirlestur).

Hlíf Árnadóttir í febrúar 2004 (yfirlestur).

Vettvangsathugun í september 2003.



Á loftmyndinni sést efst til vinstri í Áshildarholtsvatn. Hvíta línan á að sýna hvar Gamli kíllinn lá. Hann var nokkuð beinn, nema þar sem hann krækti fyrir holtið, spölkorn frá Áshildarholtsvatninu, sunnan við þvottabólið. Á myndinni sést vélgrafni skurðurinn vel og brú yfir hann, þar sem afleggjarinn liggur yfir hann. Sitt hvoru megin skurðarins, voru svokallaðar Vetrarbrautir, sem nýttar voru til sleðaflutninga með fólk og varning úr kaupstað og hey af engjum. Þessar brautir voru notaðar fram eftir 20. öld.

S - 145953 50 - 16

Hlutverk: Kvíar

Tegund: Heimild um kvíar

Staðhættir

Kvíarnar voru vestan við Borgina þar sem talið er að stórt bjarg félli úr henni norðvestanverðri í jarðskjálfta um miðja 18. öld. Enn sjást leifar af garðlagi norðan við bjargið. Garðurinn liggur frá vestri til austurs upp að Borginni. Sjá mynd bls. 27.

Aðrar upplýsingar

Kvíarnar voru álitnar í „nokkurn veginn standi“, þann 3. maí 1893, samkvæmt úttekt.

Heimildir

Hlíf Árnadóttir (viðbót við yfirlestur).

HSk. Sauðárhreppur: Úttektabók 1891-1908. 3. maí 1893.

S - 145953 50 - 17


Hlutverk: Rétt

Tegund: Tóft

Hættumat: Tóftin er í ekki hættu.



Réttin er austan í Borginni, þar sem heimreiðin lá upp á Borgina fyrir 1916, upp á bæjarhlað. Uppi sér á girðingu og skemmugafl, en leifar gömlu túngirðingarinnar og undirhleðslurnar eru enn vel sjánlegar í forgrunni myndarinnar, austan við Borgina.



Staðhættir

Réttin var upp við Borgina að austan við, innan túngarðs, þar sem heimreiðin lá upp að austanverðu. Austan við réttina var hlið á túngirðingunni, sem lá að gamla þjóðveginum, sem lá austur um mýrarnar, til Héraðsvatna.

Lýsing

Ekkert er eftir af réttinni annað en gróin um 30 cm há veggjabrot.

Aðrar upplýsingar

Norðurveggur réttarinnar var hlaðinn grjóttgarður og að austan var hár torfgarður. Að vestan og sunnan afmarkaði Borgin sjálf réttina. Við austurenda grjóttgarðsins var innrekstrarhlið. Sennilega eru þetta leifar réttar, sem Pálmi Pétursson bóndi lét byggja eða endurbyggja skömmu fyrir aldamótin 1900.

Heimildir

Byggðasaga Skagafjarðar I. Akureyri 1999. Bls. 328

Hlíf Árnadóttir í febrúar 2004 (yfirlestur).

Landmælingar Íslands Loftmynd N-5296/17.06.1996.

S - 145953 50 - 18

Hlutverk: Tóft

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir

Tóft þessi er um 250 metra austur af norðurenda Borgarinnar, við götur nr. 20.

Lýsing

Á loftmynd frá 1996 sést móta fyrir ferhyrndri uppgróinni tóft, sem sennilega er leif heytóftar, en þær voru víða á Borgarmýrum.

Heimildir

Landmælingar Íslands. Loftmynd N-5296/17.06.1996.

S - 145953 50 - 19

Hlutverk: Götur

Tegund: Götur

Lega: N65°, 43, 68. V19° 35, 83

Hættumat: Slóðinni stafar helst hætta af framkvæmdum og gróðri.



Myndin er tekin til austurs, um 100 metra norður af Borginni, norðan við norðaustur horn túns sem þar. Þarna sjést vel móta fyrir veginum þar sem hann liggur austur Borgarmýrar. Stutt austur af sést enn móta fyrir afleggjaranum heim að Sjávarborg, sem lá upp á Borgina að austan.

Lómatjörn, en austasti hluti hans er nær horfinn í gróður og mannvirki (flugvöllinn).

Heimildir

Byggðasaga Skagafjarðar I. Akureyri, 1999. Bls. 328.

Hlíf Árnadóttir, Sjávarborg.

Staðhættir

Götur (reiðgötur) þessar eru á mýrunum norður af og austan við Borgina og lágu framhjá Lómatjörn og austur á bakka Héraðsvatna.

Lýsing

Hér og hvar á milli Borgarinnar og Lómatjarnar sést móta fyrir gamla veginum og næst túngarð-

inum austan við Borgina er hann vel greinilegur og nær alla leið að

S - 145953 50 – 20

Sérheiti: Kirkjuvegur

Hlutverk: Vegur / slóð

Tegund: Heimild um alfaraleið

Hættumat: Þessi kirkjuvegur sóknarbarna Sjóvarborgarkirkju er að mestu horfinn ofan í mýrar og sanda.

Staðhættir

Kirkjuvegurinn lá austan Flæðitjarnar, suður um Borgarmýrar og heim að Borginni. Á mýrunum norðaustan Borgarinnar sjást leifar hans enn og þar eru einu sjáanlegu leifar slóðarinnar frá þeim tíma er leiðin lá þarna austur yfir Víkurvað og fram um bakka Héraðsvatna.

Lýsing

Vegur þessi frá Flæðitjörn og heim að Sjóvarborg var lítið annað en troðningar og foröð sem messufólk og aðrir sem þarna áttu leið um fóru. Þarna var erfitt yfirferðar nema fyrir vel kunnuga.


Aðrar upplýsingar

Sóknarbörn Sjóvarborgarkirkju á Sauðárkróki komu inn á þennan veg af Borgarsandinum.

Heimildir

Byggðasaga Skagafjarðar I. Akureyri 1999. Bls. 328-329.

Loftmynd N - 5296 / 17.06.1996 frá Landmælingum Íslands.



Á loftmyndinni sést afstaða milli Borgarinnar, til vinstri, og Lómatjarnar, til hægri.

Á myndina eru merkt:

- Nr. 9 Brunnur á Brunntungu
- Nr. 10 Sumarfjósíð
- Nr. 16 Kvíarnar sem voru „í góðu standi“ 1893
- Nr. 17 Réttin sem var endurhlaðin um 1900
- Nr. 18 Tóft, sennilega heytóft
- Nr. 19 Götur, alfaraleið, austur Borgarmýrar
- Nr. 20 Gamall kirkjuvegur sóknarbarna Sjóvarborgarkirkju
- Nr. 21 Heytóft
- Nr. 23 Tóftir Rófugerðis
- Nr. 24 Garðleifar
- Nr. 37 Heimreiðin sem notuð var fram til 1916.

S - 145953 50 – 21

Hlutverk: Heystæði

Tegund: Tóftir

Hættumat: Engin hætta, nema af gróðri.

Staðhættir

Tóftir þessar er vestan við Lómatjörn, á milli gatanna og staradrag sem gengur austur í Lómatjörn norðan Rófugerðis (nr. 23).

Lýsing

Tóftin er ógreinileg, en virðist sem köntuð lægð á þurru svæði norðan við vætusamt drag, nokkrum metrum sunnan við göturnar austur Borgarmýrar.

Aðrar upplýsingar

Óvíst er um aldur tóftarinnar.

Heimildir

Byggðasaga Skagafjarðar I. Akureyri 1999. Bls. 329

Loftmynd N-5296/17.06.1996 frá Landmælingum Íslands.

S - 145953 50 – 22


Hlutverk: Tóft

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir

Tóft þess er austan við Borgina, næstum miðja vegu milli hennar Lómatjarnar. Nokkrum metrum sunnan við slóðina (göturnar) sem lá austur að Lómatjörn. Á myndinni sést afstaða tóftarinnar miðað við mýrardrag sem liggur frá lítill tjörn við túngarðinn og spölkorn austur fyrir Lambagerði.




Lýsing

Tóftin er greinileg á loftmynd frá 1996, en sást ekki í vettvangskonun í nóvember 2003. Hún er ílöng, köntuð og er sennilega gömul heytóft.

Heimildir


Loftmynd N-5296/17.06.1996 frá Landmælingum Íslands.

Á loftmyndinni sést vel móta fyrir ílangri, uppgróinni, tóftinni.



Á myndinni til vinstri er horft til norðausturs yfir rústir Rófugerðis. Á mynd hægra megin er horft yfir rústir Rófugerðis frá suðvestri til norðausturs og sést grilla í Lómatjörn á bak við rústasvæðið.

S - 145953 50 - 23



Sérheiti: Rófugerði

Hlutverk: Bústaður / Fjárhús

Tegund: Tóft

Lega: N65°, 43, 49. V19°, 35, 50

Hleðsluhæð: 0,50 m

Stærð: 15 x 15 m

Hættumat: Lítil hætta.

Staðhættir

Rófugerði er á þúfnarinda austan við starardrag sem liggur út og austur í Lómatjörn, norðan við Lambagerði. Garðhleðslur (nr. 24), sjást enn vel austan við tóftirnar.

Lýsing

Tóftir Rófugerðis eru grasi vaxnar og veggir útflattir og stórþýfðir. Tóftin skiptist í þrennt. Á austasta hlutanum eru greinanlegar dyr til austurs. Aðrar dyr og ógreinilegri eru á suðurhlið, sem virðast opnast inn í vestari hluta tóftarinnar. Þriðju dynnar eru inn í nyrsta hlutann á norðvesturhorni tóftarinnar.

Aðrar upplýsingar

Í Jarðabók frá 1709 er þess getið að á „vatnstáanganum fyrir neðan Gerði“ (Jarðabók 9. bindi. Bls. 55) séu tóftir „Ró[f]ugerðis“ og að þar hafi „einn fátækur maður smíðað sjer upp hús í leyfi landsdrottins hjer um vel fyrir 20 árum, og var þar so húsmáður fáein ár og hafði lítið gras eður ekkert, galt hjer og ekkert eftir ...“ (sama heimild). Sumarið 1910 fór fram sundkennsla í Lómatjörn. Sundkennarar voru Pétur Hannesson og Jón Þ. Björnsson.

Heimildir

Hlíf Árnadóttir (viðbót við yfirllestur).
Jarðabók, 1930. Bls. 55.

S - 145953 50 - 24

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðalög

Lega: N65°, 43, 49. V19°, 35, 50

Breidd: 1 - 2 m

Hleðsluhæð: 1 m

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir

Garðurinn er L-laga og liggur austan og sunnan við tóftir Rófugerðis. Hann er greinilegur á um 20 m kafla þar sem hann liggur til norðausturs út í Lómatjörn, þar sem hann er um 1,5 m breiður. Að sunnan er garðurinn um 15 m langur, en ytri brún hans er ógreinileg og hann hverfur í landið þar sem hann liggur austur-vestur í smáþýfi austan við starardrag sem liggur þar út og suður. Sjá teikningu bls. 37.

Lýsing

Garðurinn er allur grasi vaxinn, og er að hverfa í landið.


Aðrar upplýsingar

Annar garður liggur samhliða þessum garði austan við hann út í syðri enda Lómatjarnar. Það er hluti skjólgarðs (nr. 29) sem gerður var upp úr 1880.

Heimildir

Byggðasaga Skagafjarðar I. Akureyri 1999. Bls. 329.

Vettvangsathugun í nóvember 2003.



Hér sést yfir rústasvæðið á Borgarmýrum, þar sem heitir Lambagerði. Efst til hægri á myndinni bendir ör á syðsta hluta Lómatjarnar, þar sem Rófugerði er. Örin vísar á tóftir og túngarð, sem skráð eru undir númerunum 23 og 24. Húsatóftir Lambagerðisbæjar og peningshúsa, nr. 25, 26 og 28 eru það ógreinilegar að illt er að þekkja hvað er hvað, en ágiskun skrásetjara er að bærinn hefði staðið þar sem strik bendir á tóft nr. 25, fast við túngarðsleifar. Leifar skjólgarða frá um 1890 eru nr. 29 og nr. 27 eru ummerki um heystæði.

S - 145953 50 - 25

Sérheiti: Lambagerði

Hlutverk: Hjáleiga

Tegund: Tóft

Lega: N65°, 43, 50. V19°, 35, 42


Breidd: 1 m

Hleðsluhæð: 0,40 m


Lengd: 7 m

Breidd: 5 m

Hættumat: Hætta er engin.



Teikningin sýnir túngarða og hluta tófta Lambagerðis. Óvíst er hvaða tóft þetta er. Örvar bendir til norðurs.



Á myndinni er horft til austurs, yfir rústasvæðið nr. 25. Til hægri er Lambagerði.

Staðhættir

Tóftir Lambagerðis eru um 500 metra sunnan við Lómatjörn.

Lýsing

Tóft þessi er grasi vaxin og ekki sést í hleðslur, en veggir eru greinilegir. Tóftin er í einu lagi en sjá má móta fyrir þverveggjum á vestur- og austurhlið. Með norðurhlið tóftarinnar er um 20 m langur túngarður og annar liggur þvert á stefnu hans, norður-suður, um 30 m langur.

Aðrar upplýsingar

Í Jarðabókinni frá 1709 segir að Lambagerði hafi verið í auðn í nær 20 ár. Var Gerðið talið áttundi partur heimajarðarinnar eða

10 hundruð og tíundaðist samkvæmt því. Landskuld var

60 álnir og kúgildin voru 2. Hægt var að fódra þar tvær kýr og 10 lömb. Landinu hafði hrakad frá 1690 og túnið eyðilagst af sandfoki. Trúlega hefur aldrei verið búið þar síðan. Nú er þarna algróið land. Í flóðum fer yfirleitt allt á kaf nema rústir á Lambagerði og rindi vestur af því. Gulrófnagarður var á Lambagerði snemma á 20. öld.

Heimildir

Byggðasaga Skagafjarðar I. Akureyri 1999. Bls. 329.

Hlíf Árnadóttir (viðbót við yfirlestur).

S - 145953 50 - 26

Sérheiti: Lambagerði

Hlutverk: Hjáleiga

Tegund: Tóft

Lega: N65°, 43, 48. V19°, 35, 38


Breidd: 1 m

Hleðsluhæð: 0,60 m

Lengd: 14 m

Breidd: 11 m

Hættumat: Engin hætta.



Á teikningunni sést afstaða tófta og garða á Lambagerði. Gulrófnagarðurinn sem gerður var á Lambagerði á öðrum áratug 20. aldar, þarna kallaður matjurtagarður, var sunnan garðvegs. Örin bendir til norðurs.

Staðhættir

Tóftir Lambagerðis eru í aust-suðaustur frá Borginni, um 300 metra suður af Lómatjörn.

Lýsing

Tóftirnar eru óljósar en virðast tvískiptar. Allt er grasi vaxið og hleðslur í veggjum óþekkjanlegar. Syðst er garðabrot langhliðar, fast við garðleif umhverfis rófnagarð frá 20. öld, og virðist tóftin vera galopin til austurs. Það sést ekki votta fyrir austurvegg. Á þeim hluta virðast vera dyr til vesturs. Á nyrðri hlutanum eru dyr á norðvesturhorni tóftarinnar.

Aðrar upplýsingar

Árið 1709 er sagt að Lambagerði hafi verið í eyði í 20 ár, eða frá því um 1690. Gerðið var þá talið einn áttundi hluti jarðarinnar. Landskuldin var 60 álnir í landaurum, kúgildi voru tvö og landskuldin var greidd í smjöri. Hægt var að fóðra þar tvær kýr og tíu lömb. Í lok skýrslunnar til Jarðabókarhöfunda þetta ár er sagt að ekki verði hægt að byggja þessa hjáleigu upp aftur því hún sé að kalla eyðilögð af völdum sandfoks. Ekki er vitað um ábúð þar síðan.

Heimildir

Byggðasaga Skagafjarðar I. Akureyri 1999. Bls. 322-325.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 9, 1930. Bls. 54.

S - 145953 50 – 27

Hlutverk: Heystæði

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir

Tóftin er um 50 metrum sunnan við Lómatjörn, rétt vestan við túngarð Lambagerðis, fast við leifar skjólgarðs sem liggur þaðan til vesturs.

Lýsing

Tóftin er grasi vaxin og ógreinileg.

Aðrar upplýsingar

Óvíst er hve gömul þessi tóft er.

Heimildir

Byggðasaga Skagafjarðar I. Akureyri 1999. Bls. 329

Loftmynd N-5296/17.06.1996 frá Landmælingum Íslands.

S - 145953 50 – 28

Sérheiti: Lambagerði

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Lega: N65°, 43, 81. V19°, 35, 35

Breidd garðs: 1 m

Hleðsluhæð: 0,50 m

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir

Garður þessi er í kring um Lambagerði eins og sést greinilega á loftmyndinni bls. 38.

Lýsing

Garðurinn er umhverfis tóftir Lambagerðis, allur grasi vaxinn, en hleðslugerð sést ekki lengur. Svæðið er um 32 m á lengd og um 30 m að breidd.

Heimildir

Byggðasaga Skagafjarðar I. Akureyri 1999. Bls. 322-325.

Landmælingar Íslands. Loftmynd N-5296/17.06.1996.

S - 145953 50 – 29

Hlutverk: Skjólgarðar

Tegund: Garðar

Breidd: 0,50 - 2 m

Hleðsluhæð: 0,40 m

Hættumat: Görðunum er engin hætta búin.

Staðhættir

Garðar þessir eru nokkrir, og nokkurn veginn samhliða í vestur-austur og suður-norður. Þeir liggja um 300 metra til vesturs frá túngarðinum á Lambagerði og til suðvesturs frá Lómatjörn austan við Rófugerði með nokkurra metra millibili suður að görðum norðan við Lambagerði og eru vel greinilegir á um 20 m kafla sunnan við Rófugerði.

Lýsing

Garðarnir eru grasi vaxnir og misbreiðir, um 1-2 m, og hafa greinilega verið tvöfalt hlaðnir í öndverðu en klofnað í sundur er viðhaldi var hætt. Þeir eru meira og minna hálf sokknir í jörðu.

Aðrar upplýsingar

Pétur Sigurðsson lét gera þessa skjólgarða harðindaárið 1886, fyrir búpening sinn.



Hér er horft eftir skjólagarði skammt frá Lambagerði, heim að Sjávarborg. Vatnið sem sést er mýrar-drag sem liggur frá túngarði og austur fyrir Lambagerði.

Heimildir

Byggðasaga Skagafjarðar I. Akureyri 1999. Bls. 329

Hlíf Árnadóttir í febrúar 2004 (yfirlestur).

Loftmynd N-5296/17.06.1996 frá Landmælingum Íslands.



S - 145953 50 - 30

Sérheiti: Vakasúlur

Hlutverk: Viðvörunarmerki

Tegund: Heimild um vetrarleið á ísum

Hættumat: Hér er ekki um fornleif að ræða en Vakasúlurnar eru settar hér með til að geyma merkilegar heimildir um ferðaleiðir í Skagafirði.



Teikning: Sigríður Sigurðardóttir.

Staðhættir

Vakasúlur voru tréstaugar sem Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu lét setja niður í Vatnsvíkið vestast og nyrst í Áshildarholtsvatni. Ástæðan var sú að vegna jarðhita í vatninu fraus það illa og á mörgum stöðum komu sífellt vakir á ísinn. Áshildarholtsvatn var fjölfarin ferðaleið með hesta og æki á ísasleðum til og frá kaupstað og ástæða til að vekja athygli á vökunum sem gátu verið mjög varasamar.

Lýsing

Staur var negldur á kross sem settur var þar sem vakir mynduðust. Krossálmurnar voru fergðar niður með grjóti þannig að þær stóðu á vatnsbotninum en staurendinn var upp úr vatninu. Vakasúlur voru á nokkrum stöðum á norð-vestursvæði vatnsins.

Aðrar upplýsingar

Pétur Jónsson (Hlöðu-Pétur) bjó í Áshildarholti á árunum 1897-1915, og sá hann um að koma súlunum á sinn stað (H.Á.) allan þann tíma og einhvern tíma eftir að hann fluttist til Sauðárkróks.

Teikningin er af vakasúlu, sem var tréstaug sem festur var á kross og komið fyrir á vatnsbotninum þar sem vakir mynduðust. Álmur krossins voru vandlega fergðar með grjóti, en staurinn stóð upp úr vatnsborðinu.

Heimildir: Haraldur Árnason.

Heimildir

Byggðasaga Skagafjarðar I. Akureyri 1999. Bls. 327.

Haraldur Árnason nóvember 2004 (yfirlestur).

Hlíf Árnadóttir (viðbót við yfirlestur).

Skagfirzkar æviskrár I. Tímabilið 1890-1910. Bls. 243.

S - 145953 50 - 31

Sérheiti: Laugarkíll


Hlutverk: Laug

Tegund: Heimild um laugarhleðslu / þvottaaðstöðu.

Hættumat: Hleðslur eru horfnar.

Staðhættir

Laugarkíll er í og við norðaustanvert Áshildarholtsvatn, þar sem borað var eftir heitu vatni.



Hér er sýndur norvesturendi Áshildarholtsvatns. Vegna jarðhita þurfti að vara við vökum er vatnið lagði á vetrum. Hinn svokallaði Laugarkíll lá með norðurenda vatnsins.

Lýsing

Hlaðið var í kring um laugina einhvern tíma á 20. öld. Við hitamælingar á yfirborðsvatni þarna 1942-1943 kom í ljós að það var 40°C heitt og 52°C hiti mældist á litlu dýpi. Þarna hefur því verið ákjósanlegur vatnshiti til þvotta.

Aðrar upplýsingar

Sagnir eru um að Elínborg Pétursdóttir prestsekkja, sem bjó á Sjávarborg á árunum 1844-1848 og

1868-1888 og fleiri konur, hafi þvegið þvott sinn í Laugarkílnum svokallaða. Einnig munu vera til sagnir um baðaðstöðu þarna í hlaðinni laug, fyrr á tímum (H.Á).

Garðar sem ná út í vatnið voru gerðir vegna borholanna, er verið var að bora eftir heitu vatni í Áshildarholtsvatni laust fyrir 1950 (H.Á).

Heimildir

Byggðasaga Skagafjarðar I. Akureyri 1999. Bls. 326-327.

Hlíf Árnadóttir, Sjávarborg.

Loftmynd N-5296/17.06.1996 frá Landmælingum Íslands.



Þessi hluti Loftmyndar N-5296/17.06.1996 frá Landmælingum Íslands sýnir hugsanlega staðsetningu ferjumannsbýlisins Tjarnar nr. 32. Númer 33 er Flæðitjörn eða Tjarnartjörn eins og hún er nú kölluð.

S - 145953 50 - 32

Sérheiti: Tjörn

Hlutverk: Býli

Tegund: Heimild

Lega: N65°, 44, 36. V19°, 36, 36.

Hættumat: Tóftir eru horfnar.

Staðhættir

Hjáleigan Tjörn var norðan við austurenda Tjarnartjarnar, á mörkum Borgarsands og Borgarmýra. Tjarnartjörn hét áður Flæðitjörn. Engin merki um hús eru sjáanleg en það er ágiskun skýrsluhöfundar að þústur sem sjást stutt fyrir austan hringvellina, sunnan við skeiðvöll Hestamannafélagsins Léttfeta geti verið tóftarbrot húsa.

Lýsing

Árið 1904 voru hús á Tjörn fremur bágborin. Baðstofa var 1,88 m x 3,14 m að stærð og ríflega 3

metrar á hæð upp í sperrutopp og öll þiljuð „af lélegum fjalvið“. Yfir henni var loft á skammbitum og gluggi á hálfstafni úr timbri. Framan við baðstofuna var einskonar frambaðstofa undir sama risi. Það var tveggja stafgólfa hús 3,76 m x 1,88 m að stærð, með lélegu sperrureistu lofti á skammbitum. Var húsið gamalt, veikviða og fúíð. Torfveggirnir voru veðraðir og lélegir. Gluggaborar var á vesturhliðinni. Þakið var holótt og ógróið. Theodór Friðriksson var í húsmennsku á Tjörn um tveggja ára skeið á þessum tíma. Þá voru tveir upphlaðnir rúmbálfar við sitt hvorn vegg baðstofunnar og gluggi vissi í suður. Hann sagði að moldargólf hefði verið í öllu húsinu og þakið mjög sigið yfir frambaðstofunni og hefði ekki verið til nokkurra nota og ekki vogandi að geyma þar nokkurn þunga. Theodór setti trégólf á baðstofuna á Tjörn svo börn hans þyrftu ekki að veltast um í moldinni og lauk því á Þorláksdegi 1905. Eldhúsið var 2,5 m x 2,5 m að stærð, lélegt og óstæðilegt. Búrið var 2,5 m að lengd og 1,88 m að breidd og að mestu fallið. Göng frá baðstofu til bæjardyra voru lág og léleg. Bæjardyrnar voru með litlu og lélegu útidyrabili, en hurð var á járnnum. Jón Norðmann Jónasson sagði í æviþætti um Theódór að húsakynni að Tjörn hefði verið svo aum „að í sunnanveðrum skóf vatn úr flæðitjörn yfir kotið, svo að hnédjúpt vatn gat verið þar á gólfi, þótt ekkert rigndi úr lofti“ (Skagf.æv. 1890-1910, IV, bls. 231).

Aðrar upplýsingar

Á sýslufundi í byrjun árs 1878 var ítrekuð þörf á að koma upp ferju við Vesturós Héraðsvatna vestanmegin. Ferjustaðurinn var í landi Sjávarborgar og bauðst Pétur Sigurðsson á Sjávarborg til að leigja land undir ferjumannsbýli að Tjörn við Flæðitjörn. Þar áður húsmannsbýli, a.m.k. árið 1872. Árið 1895 var Tjarnarferjan formlega lögð niður og búskap á Tjörn var hætt árið 1910.

Heimildir

Byggðasaga Skagafjarðar I. Akureyri 1999. Bls. 342.

Kristmundur Bjarnason. Sýslunefndarsaga Skagfirðinga. Fyrri hluti. Akureyri 1987. Bls. 37-44.

Kristmundur Bjarnason. Örnefni í landi Sjávarborgar og Borgargerðis.

Skagfirzkar æviskrár. Tímabilið 1890-1910 IV. Akureyri 1972. Bls. 231.

Theodór Friðriksson, 1977. Í verum I. Reykjavík. Bls. 332, 335-356.

S - 145953 50 - 33

Sérheiti: Flæðitjörn / Tjarnartjörn

Hlutverk: Álagablettur

Tegund: Álagablettur

Lega: N 65, 44, 31. V19, 36, 29.

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir

Flæðitjörn er um kílómetra norðan við Sjávarborg í norð-vestanverðum Borgarmýrum.


Aðrar upplýsingar

Í Sýslu- og sóknarlýsingar frá 1840 segir: „Í tjörn þessari er sérlega feitur og væminn silungur, sem með köflum er veiddur svo munum nemur á Sauðá og Áshildarholti, sjaldan frá Borg. Þetta er tiltekið vegna orðróms sem lengi hefi[r] á því legið að bóndann á Borg ætti að kosta það tvo hundraðsgrip²⁷ ef hann léti veiða í Flæðitjörn. Nýlega var þar bóndi sem forsmáði þessa hégilju og lét á einu vori veiða þar sem annars staðar, en svo undarlega skeði að samsumars varð bráðdauð vænsta kýrin og vænsti hesturinn, sem hann átti. Þetta ætlaði hann aftur að reyna en deyði sjálfur fyrri“ (Bygg. I, bls. 340-341). Vestanvert við Flæðitjörn var þrætupartur milli Sjávarborgar og Brennigerðis sem kallaður var Brennigerðisvík. Það hefur væntanlega verið gamalt ítak, en spilda þar gaf í meðalári um 20 hesta af úthei og var metin á hálf hundrad.

Heimildir

Byggðasaga Skagafjarðar I. Akureyri 1999. Bls. 340-341.

Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags II. Skagafjarðarsýsla. Reykjavík 1954. Bls. 29.



S - 145953 50 - 34

Sérheiti: Garður

Hlutverk: Náttugi

Tegund: Garðlag

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Garður þessi gengur þvert yfir tanga sem er vestast í Tjarnartjörninni og girðir tangann af, sem teygir sig til austur inn í Tjörnina.

Aðrar upplýsingar

Garðurinn var gerður til að náttu þar útflutningshross sem seld voru til Englands á síðasta hluta 19. aldar og sett um borð í flutningsskip á Sauðárkróki.

Heimildir

Byggðasaga Skagafjarðar I. Akureyri 1999. Bls. 342

²⁷ Í neðanmálsgrein þessarar heimildar er tekið fram að hundraðsgripir væru skepnur metnar til eins hundraðs á landsvísu.

S - 145953 50 - 35

Sérheiti: Víkurvað

Hlutverk: Vað

Tegund: Vegur

Lega: N65°, 43, 53. V19°, 34, 5.

Staðhættir

Víkurvað er austan við suðurenda Alexandersflugvallar. Þar er affall Miklavatns. Vaðið er stutt frá mótum Héraðsvatna og Miklavatns í stefnu beint í austur yfir Víkina.

Lýsing

Við vaðið sér enn móta fyrir vegaslóðum sem liggja þaðan til norðurs og suðvesturs.



Á myndinn er Víkurvað merkt inn, stutt frá Vatnabakkanum, austan við suðurenda flugvallarins, þar sem affall er frá Miklavatni út í Héraðsvötn. Þar eru næstir Víðihólmi og austan við hann Borgareyja, sem áður hét Sauðáreyja.

Aðrar upplýsingar

Á öldum áður var þarna alfaraleið, svokölluð Bakkaleið, þegar þjóðleið lá um Borgarmýrar austur að Héraðsvötnum yfir Víkurvað og suður Vatnabakkana.

Í Byggðasögunni er greint frá reimleikum við Víkina. Herma munnmæli að svæðið við Víkina sé óhreint. Þar fældust hross og fólk fékk í sig ónot. Árið 1846 drukknaði þar ungur piltur, Sigurður Jónsson frá Borgargerði. Ís getur verið varasamur á Víkinni.

Heimildir

Byggðasaga Skagafjarðar I. Akureyri 1999. Bls. 337.

Kristmundur Bjarnason. Örnefni í landi Sjávarborgar og Borgargerðis.

S - 145953 50 - 36

Sérheiti: Vetrarbraut

Hlutverk: Sleðabraut

Tegund: Vegir

Lega vestari brautarinnar: N65°, 43, 47. V19°, 37, 30

Hættumat: Vetrarbrautin er ekki í hættu af öðru en gróðri.

Staðhættir

Vetarbrautirnar eru tvær og báðar enn vel sýnilegar. Þær liggja yfir flóann frá suðurenda Áshildarholtsvatns yfir að Miklavatni þar sem mjóst er á milli þeirra.

Önnur er í Sjávarborgarlandi og liggur fáeinum metrum norðaustan við skurðinn þar sem farið er yfir á trébrú þegar farinn er um afleggjarann að Sjávarborg.

Hin er í Borgargerðislandi um 10 metrum suðvestan við sama skurð, og liggur suður að Miklavatni meðfram gamla Kíl, sem er gamall nær uppþornaður handgrafinn skurður á milli vatnanna.



Á myndinni er horft eftir Vetrarbrautinni Sjávarborgarmegin. Þ.e. austari leiðinni. Brautin er slétt og laus við þúfur, sem voru skornar burtu til að slétta brautina.

Sleðabrautin er merk heimild um samgöngur undir lok sleðaakbrautanna á fyrstu áratugum 20. aldar. Mynd Sigr.Sig.

Lýsing

Vetrarbrautin liggur suðaustur-norðvestur og eru um 2 m breið.

Aðrar upplýsingar

Óvíst er hvenær vetrarbrautin var lögð af, en trúlega var það um eða laust eftir aldamótin 1900. Björg Bjarnadóttir ábúandi Borgargerðis, kvartaði við sýslunefnd vegna landnáms undir sleðabraut í mars 1907 og var samþykkt að greiða henni fimm krónur fyrir miskann (Sýsluf.gj.) Vetrarbrautin lá frá Kirkjutorgi á Sauðárkróki, austan við eystri húsaröðina við Skagfirðingabraut, til suðurs yfir Skólastíg, að Freyjugötu og áfram þar sem er húsaröðin vestan Freyjugötu og suður í Borgargerðismýrar, til suðurs yfir Sauðárkílana, sem voru á svæðinu sunnan við Mjólkursamlagið, að Áshildarholtsvatni og sem leið lá þar um, yfir flóann til Miklavatns og yfir ísilögð Vötnin.

Heimildir

Ingólfur Sveinsson. Viðtal og leiðsögn í október 2001.

Kristmundur Bjarnason. Viðtal og leiðsögn í september 2003.

Sýslufundargjörð Skagafjarðarsýslu 1907. Akureyri 1907. Bls. 27-28.



Vegurinn sem Árni Daníelsson lagði árið 1916 heim að Sjávarborg lá frá Sauðárkróksbraut á mótis við syðri afleggjarann til kaupstaðarins. Þaðan austur eftir mýrunum um 250 metra norðan við Áshildarholtsvatn og sveigir til suðurs skammt fyrir norðvestan Borgina og liggur þar upp hana vestanverða, upp Brunnunguna, úr norðri. Áður lá heimreiðin upp Borgina austanverða eins og fram kemur hér fyrir neðan. Árni fluttist til Ameríku árið 1920, en kom aftur til Íslands 1925 og hafði með sér tvo bíla norður í Skagafjörð sumarið 1926. Það voru fyrstu bílarnir í héraðinu.



Myndin er tekin til suðurs, norðaustan við Borgina. Þarna liggur gamla heimreiðin upp á Borgina. Réttin númer 17 opnast í norrausturátt og virðist hafa verið farið í gegn um hana upp á Borgina. Á myndinni sjást einnig leifar af undirhleðslu túngirðingar (vígirðingar) frá því um 1930.

S - 145953 50 - 37

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Vegur

Ástand: Gott

Hættumat: Leiðin er ekki í hættu.

Staðhættir

Alfarleið lá að Borginni norðaustanverðri og upp á hana austanverða.

Lýsing

Heimreiðin lá upp úr rétt sem Pálmi Pétursson bóndi lét byggja eða endurbyggja stuttu

fyrir aldamótin 1900. Sennilega var farið í gegn um réttina og upp úr henni, eða fast austan við hana, þar sem er eins og götuskorningur.

Aðrar upplýsingar

Árið 1916 var lögð heimreið upp norðvestanverða Borgina. Leifar réttarinnar og heimreiðarinnar sjást enn vel austan í Borginni norðanverðri. Austur og norður undan Borginni eru einnig enn sýnilegar undirhleðsluleifar vírgirðingu, sem girt var umhverfis túnið um 1930. En vani var að stinga sniddum undir vírgirðingar til að varnar því að sauðfé skriði undir þær.

Heimildir

Byggðasaga Skagafjarðar I. Akureyri 1999. Bls. 328.

Hlíf Árnadóttir í febrúar 2004 (yfirllestur).

S - 145953 50 - 38

Sérheiti: Langitangi


Hlutverk: Peningshús

Tegund: Tóftir

Hættumat: Ómetið

Staðhættir

Tóftir húsanna eru enn sýnilegar á Langatanga.



Aðrar upplýsingar

Árið 1908 keypti Jónas Sveinsson oddviti hlut í Sjávarborg með Árna Daníelssyni og Stefáni Björnssyni. Jónas átti fyrst og fremst Langatanga, þar sem hann byggði peningshús (sennilega fjárhús) og notaði í nokkur ár.

Heimildir

Kristmundur Bjarnason, Sjávarborg.

Loftmynd N-5296/17.06.1996 frá Landmælingum Íslands.


Borgarsel

Saga og fornleifar

Upphaf mannvistar á Borgarseli er sennilega eins og kemur fram í handriti frá 1585 en þá gaf Jón Sigurðsson svofelldan vitnisburð: „þá ég var uppvaxtarmaður á Sauðá í Skagafirði í Borgarkirkjusókn hjá mínum föður Sigurði Jónssyni, þá heyrði ég hann því lýsa, að abbadís Solveig Hrafnisdóttir að Stað í Reyninesi hefði látið smíða byrgið fram á Skógum í Borgarlandi eftir leyfi Gríms Jónssonar, sem átti ráð á greindri jörðu, Sjávarborg og minn faðir, áður nefndur Sigurður, smíðaði sama byrgi með öðrum staðarins landsetum og eg hefi oftlega heyrt Borg eignað fram að þeim garði fyrir framan byrgið, sem gengur úr Miklavatni og ofan í Ferjuhamarsslý“.²⁸

Ólafur Guðmundsson og Jón Sigurðsson sem gáfu Árna Magnússyni og Páli Vídalín skýrslu til Jarðabókarinnar árið 1709 minntust ekki Borgarsel. Í Jarða- og búendatali er það sagt byggt á selstöðutóftum frá Sjávarborg²⁹, og Hjalti Pálsson byggðasöguritstjóri telur að búskapur hafi hafist þar um miðja 18. öld.³⁰

Borgarsel var húsmannsbýli frá Sjávarborg og talið með heimajörðinni, en ekki virt sérstaklega og svo er enn. Fyrsti þekktu ábúendur þar eru Eiríkur Pálsson frá Steinsstöðum, bróðir Sveins landlæknis Pálssonar, og síðari kona hans Guðríður Gunnlaugsdóttir frá Pottagerði, sem bjuggu á Borgarseli á árunum 1822-1824. Næst voru þar Halldór Jónsson Mývetningur og kona hans Helga Jónsdóttir. Þau bjuggu á Selinu í 37 ár. Síðastur ábúenda á Selinu var Jóhannes Randversson með ráðskonu sinni. Þau fluttust til Sauðárkróks árið 1928, og það ár fór Borgarsel endanlega í eyði.³¹



²⁸ Byggðasaga Skagafjarðar I. Bls. 336.

²⁹ Jarða- og búendatal 1. hefti, 1950. Bls. 54.

³⁰ Byggðasaga Skagafjarðar I. Bls. 336.


³¹ Kristmundur Bjarnason. Skagfirskur annáll. Seinna bindi. Bls. 441.

Náttúrufar og jarðabætur

Borgarsel á land austan Miklavatns suður að Grænhóli frá Víkinni, sem er affall Miklavatns til Héraðsvatna. Borgarskógarnir skiptu miklu máli fyrir búskap á Sjávarborg og bændur höfðu þar löngum beitarhús og fjölda fjár³² og þar var stundaður mikill heyskapur þrátt fyrir votlendið.

Rótlaust engi sem kallast Slöpp var til forna engjaítak frá Ásgrímsstöðum í Hegranesi. Þar fékkst vel kýrgæft hey. Þurrkvöllur fyrir heyskap er austur á Vatnabakka. Líklegt er að húsfólk Borgarbónda sem bjó á Borgarseli hafi hirt fé á beitarhúsum þar ef svo bar við, annars gengu beitarhúsamenn daglega á húsinn þrátt fyrir að beitarhúsangangur væri torsóttur, einkum ef ís var ekki mannheldur á Miklavatni.

Vor- og haustflóð í Héraðsvötnum gerðu oft usla á Borgarskógum sem gátu algerlega farið á kaf, nema hæstu rindar og rústahólar. Fyrir kom að vanhöld voru á skepnum vegna flóðanna. Sjaldan tók fyrir útbeit á Borgarskógum og þurfti lítið að gefa beitarhúsafé þar. Landbrot er mikið á Miklavatnsbökkum þar sem vatnið étur árlega úr bakkanum. Rústir hlöðu og fjárhúsa, sem kölluð voru Bakkahús og stóðu þar á bakkanum fram á 20. öld, eru að mestu horfnar í vatnið.



Horft yfir rústir Borgarsels. Rauð ör bendir á tóftir bæjarhúsanna, nr. 1 í fornleifskrá fyrir Borgarsel, bleik nr. 2 bendir á rústir fjárhúsa, gul nr. 3 á bakkann þar sem svokölluð Bakkahús stóðu en það voru fjárhús, bláar nr. 4 benda á tóftir óþekktra húsa eða heytóftir og ljósblá nr. 5 bendir á götur til og frá Selinu.

³² Byggðasaga Skagafjarðar I. Bls. 336.

B -181764 - 51 - 1

Sérheiti: Borgarsel

Hlutverk: Hjáleiga / sel

Tegund: Hjáleiga / sel

Lega: N65°, 43, 20. V19°, 35, 80 (Hjalti Pálsson tók þessi hnit árið 1999).

Hættumat: Síðustu veggjabrotin eru að veðrast burtu og mást af yfirborði jarðar.

Staðhættir

Borgarsel er á nyrðri hluta Borgarskóga, sunnan við Víkina austan Miklavatns. Bærinn stóð við austurjaðar túnblettis, umhverfis fjárhús sem stóð spölkorn frá austurbakka Miklavatns, gegnt Kimbastöðum.

Lýsing

Í úttekt frá 1923 er bæjarhúsunum, sem höfðu þá staðið í nokkur ár, lýst þannig: „Baðstofan ca 4 x 4 m, þiljuð innan og viðir allir nýlegir og ófúnir. Eldhúsið var af sömu stærð, veggir vel stæðilegir og þak gott. Kofinn var einnig 4 x 4 m að stærð en þak talið ónýtt“ (Bygg. I, bls. 337). Ekki er vitað um hvaða kofa hér er rætt, en hann gæti hafa þjónað hlutverki skemmu.


Heimildir

Byggðasaga Skagafjarðar I. Akureyri 1999. Bls. 337.



Myndin er af hlöðunni og sést klömbruhleðslan vel. Hlaðan snéri norður og suður og fjárhúsin (til hægri) voru austan við hana. Austurveggur fjárhúsanna var steinsteyptur. Efni í hann var flutt á prömmum. Þetta voru 4 hús, með átta króm og tóku um 300 kindur. Í einum garðanum var steipt baðker. Það sést fremst á myndinni til hægri.

Fyrir neðan er teikning af grindargerð hlöðunnar. Gerð eftir lýsingu K.B. Teikn S.S.



B -181764 - 51 - 2

Sérheiti: Selshús

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Hættumat: Þeir veggir fjárhússins sem enn standa munu smám saman brotna niður.

Staðhættir

Fjárhúsin stóðu á lítilli túnskák, skammt frá austurbakka Miklavatns, gegnt Kimbastöðum.

Lýsing

Nú eru eftir leifar torfveggja ásamt grundvelli að gördum og steinsteyptu baðkeri. Húsin voru tvöföld samstæðuhús og tóku um 300 fjár. Þau voru 16,5 m á lengd og um 10 m á breidd. Hlaðan tók um 400 heyhesta. Hún var eins og húsin 16, 5 m á lengd og tæpir 4 m á breidd. Húsin voru mjög vel vönduð að allri gerð og sjást hér enn merkilegar torfhleðsluleifar. Bogahlaðnar dyr voru algengar sem tóftardyr á fjárhúsum. Hér eru þær tvíhlaðnar. Þessa aðferð við dyrahleðslu má enn sjá á þremur stöðum í Skagafirði, á Borgarseli, í Krossanesi í Vallhólmi og í Flatatungu á Kjálka. Svona hleðslur munu brátt heyra sögunni til. Torfbogagerð krafðist mikillar tækni og þekkingar og var ekki á allra færi. Við gerð torfbogans náði hleðslutæknin lengst. Veggurinn féll haustið 2003.

Aðrar upplýsingar

Um aldamótin 1900 byggði Pálmi Pétursson á Sjávarborg geysistór og vönduð fjárhús á selinu. Veggir hlöðunnar hafa staðið ótrúlega vel og sýna hve vel var til þeirra vandað í upphafi. Enda er á þessum slóðum afbragðs reiðingsrista. Hlaðan mun ekki hafa verið notuð eftir 1935.

Heimildir

Byggðasaga Skagafjarðar I. Akureyri 1999. Bls.337.

Sigríður Sigurðardóttir vettvangsskoðun í janúar 2004.

B -181764 - 51 - 3

Sérheiti: Bakkahús

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild um fjárhús.

Hættumat: Landbrot er mikið á austurbakka Miklavatns og svokölluð Bakkahús sem stóðu þar, eru horfin í vatnið. Smábrot má ef til vill enn sjá á bakkanum og búast má við eð enn séu þar jarðlægar leifar húsa.

Staðhættir

Bakkahúsin stóðu á vatnsbakkanum vestan við hlöðuna og fjárhúsin, sem reist voru um aldamótin 1900.

Lýsing

Húsin voru að mestu fallin í Miklavatn í kring um 1940.

Aðrar upplýsingar

Bakkahúsin tóku 45 kindur.

Heimildir

Byggðasaga Skagafjarðar I. Akureyri 1999. Bls. 337.

B -181764 - 51 - 4

Hlutverk: Tóft

Tegund: Tóft

Hættumat: Tóftirnar eru ekki í neinni hættu.

Staðhættir

Tóftir einhvers mannvirkis, heytóftar eða peningshúsa, er á lágum hól um 20 metra vestan við bæjarstæðið.

Lýsing

Þarna er ógreinileg tóft, sem virðist vera ferhyrnd, af loftmyndinni að dæma.

Heimildir

Loftmynd Hjalta Pálssonar frá 17. ágúst 1999. Sjá Byggðasögu Skagafjarðar I. Bls. 337.

B -181764 - 51 - 5

Hlutverk: Götur

Tegund: Götur

Hættumat: Göturnar eru ekki í hættu fyrr en vatnið nagar bakkann til þeirra.

Staðhættir

Á rústarana sem liggur austur-vestur nokkrum metrum norðan við húsatóftirnar á Borgarseli eru greinilegar götur sem liggja að Borgarseli, einnig eru götur sem liggja til suðurs frá fjárhúsunum (nr.2), að tjörn skammt sunnan við þau. Og til allra átta.

Lýsing

Göturnar sjást vel á loftmynd.

Aðrar upplýsingar

Framan af 20. öld var mikið af heyfeng Skóganna flutt í Selshlöðuna. Hey handa stórgripum var alltaf flutt heim að sumri í talsverðum mæli.

Heimildir

Hlíf Árnadóttir í febrúar 2004 (yfirlestur).

Loftmynd Hjalta Pálssonar frá 17. ágúst 1999. Sjá Byggðasögu Skagafjarðar I. Bls. 337.



Rústasvæðið á Grænhóli. 1 bæjartóft, 2 hesthússtóft, 3 brunnhús, 12 skurður, 13 áveituskurður, 17 tóftir Skógarbakka, 18 varða.

Grænhóll

Saga og fornleifar

Engar heimildir eru um byggð á Grænhóli fyrr en á 19. öld. Virðist sem Páll Þorsteinsson (Pottagerðis-Páll) og kona hans Steinvör Rafnsdóttir, hafi byggt fyrst á Grænhóli um 1826³³. Páll lést þremur árum síðar, en bærinn hélst í byggð samfleytt í tæp hundrað ár, til 1920 að jörðin fór í eyði.

Grænhóll fékk staðfest landamerki árið 1890³⁴. Sigurður Jónsson frá Hvalnesi og Guðrún Þorkelsdóttir eignuðust jörðina aldamótaárið 1900 og gáfu Kristínu Briem hana árið 1915. Ellert Jóhannsson bóndi í Holtsmúla keypti Grænhól af henni árið 1939 og byggði þar stór fjárhús og leigði beitaritölu í Borgarskógum. Árið 1970 seldi Ellert jörðina til Skarðshrepps, sem seldi hana í febrúar 1971. Þá varð Grænhóll sameign bænda á Gili, Lyngholti, Kimbastöðum, Messuholti, Brennigerði og Áshildarholti


³³ Jarða- og búendatal I, 1950. Bls. 55.

³⁴ Sama heimild.

sem nytja landið einkum til hrossabeitar³⁵. Leiga af jörðinni 1861 nam einu kúgildi og landskuldin var 5 sauðir veturgamlir.

Náttúrufar og jarðabætur

Grænhóll er metinn með Sjávarborg árið 1861 en í skýrslum sýslumanna er hún talin 5 hundruð að dýrleika³⁶. Leiga af jörðinni nam einu kúgildi. Landskuldin var 5 sauðir veturgamlir.



Árið 1916 er gefin þessi lýsing á Grænhóli:

„Túnið er talið 2 dag-sláttur, vot-lent, gefur af sér 17 hesta. Engjar eru blautar, að mestu sléttar, en ekki vél-tækar.

Áveituengi gefur af sér um 200 hesta af góðu heyi. 130 fermetra matjurtagarðar gefa af sér

750 kg rófur. Beitiland var fremur lítið, en sumar- og vetrararbeit góð.

Aðrar upplýsingar

Þegar ábúð lauk á Grænhóli, árið 1920, voru bæjarhúsin enn vel stæðileg. Baðstofa 5 x 7 álnir að stærð byggð 1880, nokkuð farin að snarast og gliðna en veggir þó stæðilegir, sums staðar nýlega gjörðir og þak allgott. Búrið er með lélegum viðum en brúklegum veggjum. Eldhúsið 7 x 3 álnir að stærð, veggir sumpart nýlegir og viðir allgóðir. Göng 9.5 álna löng liggja frá skellidyrum til brunnhúss. Bæjardyr nýlega endurbyggðar að viðum og suðurveggur hlaðinn upp að baðstofu. Stæðilegt fjós er yfir 2 kúr og kompa inn í suðurvegg fyrir geldneyti. Önnur mannvirki talin fylgja jörðinni. Árið 1922 var jarðarmatið 2.100 krónur, en 88.000 árið 1995. Fyrr á tíð var alfaraleið fram Héraðsvatnabakka um land Sjávarborgar og síðan Grænhóls, sérstaklega meðan ferjað var á Kárastöðum fram til 1898 og var þá sýsluvegur. Grænhóll var einnig ferjustaður um skeið, t.d. var fyrirskipað 1875 að þar væri lögferja. Síðar var almenn umferð bönnuð um landareignina með þinglýsingu. Eftir að jörðin fór í eyði girti Kristinn Briem yfir veginn sunnan til í landinu til að friða fyrir ágangi. Var þetta klagt til sýslunefndar af ábúendum í Víkurtorfunni en kæran síðan dregin til baka.

³⁵ Bygðasaga Skagafjarðar I. Bls. 339.

³⁶ Jarða- og búendatal I, 1950. Bls. 55.

G - 145934 52 - 1

Sérheiti: Grænhóll

Hlutverk: Tóft

Tegund: Tóft

Lega: N65°, 41, 79. V19°, 32, 30 (Hjalti Pálsson tók þessi hnit árið 1999)

Hættumat: Tóftirnar eru ekki í neinni hættu, nema af völdum veðrunar.



Staðhættir

Bærinn og sambyggt fjós eða fjárhús stóðu á lágum rinda sunnan til við miðju landareignarinnar nær Héraðsvötnum, en land jarðarinnar er annars allt marflatt. Fjós eða fjárhús var fast norðan við bæinn, sennilega sambyggt honum. Sjá túnakort Guðmundar Sveinssonar frá 1917.


Aðrar upplýsingar

Árið 1920 þegar ábúð lauk á Grænhóli voru bæjarhúsin vel stæðileg. Baðstofan 5 x 7 álnir að stærð, byggð 1880, nokkuð farin að snarast og gliðna en veggir þó stæðilegir sums staðar nýlega gjörðir og þak allgott. Búrið er sagt með lélegum viðum en brúkanlegum veggjum. Eldhúsið 7x 3 álnir að stærð, veggir sumpart nýlegir og viðir allgóðir. Göng 9.5 álna löng liggja frá skellidyrum til brunnhúss. Bæjardyr nýlegar endurbyggðar að viðum og suðurveggur hlaðinn upp að baðstofu. Stæðilegt fjós er yfir 2 kýr og kompa inn í suðurvegg fyrir geldneyti.

Heimildir

Byggðasaga Skagafjarðar I. Akureyri 1999. Bls. 338, 340.

Hjalti Pálsson. *Loftmynd frá 18. ágúst 1999.*



Á þessari mynd sem Hjalti Pálsson tók árið 1999 eru merki búskapar á Grænhóli glögg.

1 er rústir bæjarins, 2 hesthús, 3 brunnhús, 5 skurður, 7 áveituskurður, 8 róflugarður, 9 kartöflugarður, 11 götur, 14 fjárhús, 16 tún / áttahagi.

G - 145934 - 52 - 2

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Tóft

Hættumat: Tóftirnar eru ekki í neinni hættu.



Staðhættir

Hesthúsið var norðvestan við bæjarhólinn, við rófugarðinn. Sjá túnakort Guðmundar Sveinssonar frá 1917.

Heimildir

Byggðasaga Skagafjarðar I. Akureyri 1999. Bls. 340.

G - 145934 - 52 - 3

Sérheiti: Brunnhús

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Brunnur

Hættumat: Tóftir brunnhússins eru ekki í neinni hættu.

Staðhættir

Brunnhúsið var stutt frá bænum og göng lágu þangað úr bænum.

Heimildir

Byggðasaga Skagafjarðar I. Akureyri 1999. Bls. 340.

G - 145934 - 52 - 4

Hlutverk: Ferja

Tegund: Heimild

Hættumat: Ástandið er ómetið, en líkur eru á að engin ummerki sjáist nú.

Aðrar upplýsingar

Fyrir á tíð var alfaraleið fram Héraðsvatnabakka um land Sjávarborgar og síðan Grænhóls, sérstaklega meðan ferjað var á Kárastöðum fram til 1898 og var þá sýsluvegur. Grænhóll var einnig ferjustaður um skeið t.d. var fyrirskipað 1875 að þar væri lögferja. Síðar var almenn umferð bönnuð um landareignina með þinglýsingu.

Heimildir

Byggðasaga Skagafjarðar I. Akureyri 1999. Bls. 340.

G - 145934 - 52 - 5

Hlutverk: Skurður

Tegund: Mannvirki

Hættumat: Skurðurinn er ekki í hættu nema hann mun smám saman fyllast af gróðri.

Staðhættir

Skurður í kringum túnið.



Lýsing

Skurðurinn er að mestu uppgróinn. Hann er 240 faðma langur og 6 feta breiður frá túnskurði vestur í Miklavatn með tvíhlöðnum garði. Í landi Grænhóls er skurður út frá túni að kartöflugarði sem var um 50 ferfaðmar að stærð. Önnur álma sama skurðar austur í mýrina er um 24 faðmar að lengd.

Heimildir

Byggðasaga Skagafjarðar I. Akureyri 1999. Bls. 340.

Hjalti Pálsson. *Loftmynd frá 18. ágúst 1999.*

G - 145934 - 52 - 6

Sérheiti: Veiðigarðar

Hlutverk: Hleðsla

Tegund: Garðlag

Hættumat: Ástand er ómetið

Staðhættir

Veiðigarðar tveir voru við vesturbakka Vatnanna, en þeirra sér engin merki nú og enginn veit nákvæmlega hvar þeir voru.

Lýsing

Garðarnir voru alls um 70 ferfaðmar. Annar var 7 faðmar að lengd, hinn 6.

Heimildir

Byggðasaga Skagafjarðar I. Akureyri 1999. Bls. 340.

G - 145934 - 52 - 7

Hlutverk: Áveita

Tegund: Mannvirki

Hættumat: Skurðir munu smám saman fyllast af gróðri. Hér er ekki um fornleif að ræða en skráð til að varpa ljósi á búskaparhætti á Grænhóli undir lok landnytja þar.

Staðhættir

Uppistöður fyrir áveitur.

Aðrar upplýsingar

Kristín og Kristinn Briem nytjuðu Grænhól til heyskapar eða leigðu til slægna frá 1915 og um árabíl eftir 1920 var Grænhóll eitt af helstu heyskaparlöndum Sauðárkróksbúa meðan flestar fjölskyldur þar ráku smábúskap. Til að bæta jörðina og auka grasvöxt var jörðin ræst fram með skurðum og gerðar uppistöður til áveitu. Kristinn lét grafa skurð í bakkann austur í Héraðsvötn og flæddi í vatnavöxtum yfir engið vestur í Miklavatn og gaf góða sprettu.

Heimildir

Byggðasaga Skagafjarðar I. Akureyri 1999. Bls. 340.

G - 145934 - 52 - 8

Sérheiti: Rófugarður

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Mannvirki

Hættumat: Eðlileg hætta af veðrun.

Staðhættir

Óvíst er hvar rófugarðurinn var en líkur benda til að hann hafi verið suðaustan við hesthússtöftirnar, nr. 2.

Aðrar upplýsingar

Árið 1916 var gefin lýsing á Grænhóli, þar sem sagt er að úr 130 fermetra matjurtagarði þar hafi fengist 750 kg af gulrófum.

Heimildir

Byggðasaga Skagafjarðar I. Akureyri 1999. Bls. 340.

G - 145934 - 52 - 9

Sérheiti: Kartöflugarður

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Mannvirki

Hættumat: Eðlileg hætta af veðrun.

**Staðhættir**

Kartöflugarðurinn var vestan við bæjarhólinn og lá skurður að honum, sem enn sést móta fyrir.

Lýsing

Garðurinn var um 50 ferfaðmar.

Heimildir

Byggðasaga Skagafjarðar I. Akureyri 1999. Bls. 340.

G - 145934 - 52 - 10

Sérheiti: Veiðigarður / Lögn

Hlutverk: Hleðsla

Tegund: Garðlag

Hættumat: Ástand garðanna er ómetið.

Staðhættir

Veiðigarðar tveir voru við Héraðsvötn, en óvíst hvar.

Lýsing

Garðar þessir voru um 6 faðmar að lengd og notaðir fyrir lagnir við silungsveiði.

Heimildir

Byggðasaga Skagafjarðar I. Akureyri 1999. Bls. 340.

G - 145934 - 52 - 11

Hlutverk: Vegur

Tegund: Gata

Hættumat: Búast má við að vegslóðar á bökkum Héraðsvatna muni smám saman hverfa.

Staðhættir

Gatan, brautin, út frá túninu var mikið troðin, en óvíst er hvar hún var nákvæmlega.

Heimildir

Byggðasaga Skagafjarðar I. Akureyri 1999. Bls. 340.

Hjalti Pálsson. *Loftmynd frá 18. ágúst 1999.*

G - 145934 - 52 - 12

Hlutverk: Skurður

Tegund: Mannvirki

Hættumat: Skurðir munu smám saman fyllast af gróðri.

Staðhættir

Skurður í bakkann austur í Héraðsvötn.

Aðrar upplýsingar

Kristinn og Kristín Briem nytjuðu Grænhól frá 1915, til heyskapar og leigðu slægju-lönd. Eftir 1920 var Grænhóll eitt af helstu heyskaparlöndum Sauðárkróksbúa meðan flestar fjölskyldur þar ráku smábúskap. Skurður þessi telst vart enn til fornleifa, en hann er talinn hér vegna hlutverks hans í landnýtingu undir lok búskapar á Grænhóli.

Heimildir

Byggðasaga Skagafjarðar I. Akureyri 1999. Bls. 340.

G - 145934 - 52 - 13

Hlutverk: Áveita

Tegund: Garðlag

Hættumat: Skurðir munu smám saman fyllast af gróðri. Hér er ekki um fornleif að ræða.

Staðhættir

Skurður, með garði meðfram norðurbrún hans, liggur frá túnskurði við Grænhólstún vestur í Miklavatn.

Lýsing

Garðurinn meðfram skurðinum er tvíhlaðinn, en er nú orðinn siginn og víða sokkinn. Skurðurinn var gerður í tilraun til að bæta jörðina og auka grasvöxt á öðrum tug 20. aldar. Áveitan telst ekki fornleif en hún er talinn hér vegna hlutverks hennar í landnýtingu undir lok búskapar á Grænhóli.

Heimildir

Byggðasaga Skagafjarðar I. Akureyri 1999. Bls. 340.

G - 145934 - 52 - 14

Hlutverk: Fjárhús / Rétt

Tegund: Tóftir

Hættumat: Tóftirnar eru ekki í hættu.



Staðhættir

Á smá ávala suðaustan við bæjarhólinn, austan við síkið, eru tóftir húsa og tún eða einhvers konar aðhald, jafnvel nátthagi. Umhverfis er torfhlaðinn garður (sjá nr. 16). Þessi hús hafa verið utan túns enda eru þau hvergi sjáanleg á túnakorti Guðmundar Sveinssonar. Hugsanlega er hér um yngri tóftarbrot að ræða frá heyskapartíma á

þriðja og fjórða áratug 20. aldar, eða að þarna hafi verið eldri tóftir fjárhúsa, réttar eða kvía.

Lýsing

Ekki er lengur hægt að sjá hvernig tóftin í norðausturhorni ferhyrnds túnsins / garðsins var, en tóftir og garður sjást mjög vel á loftmynd, sem Hjalti Pálsson tók 18. ágúst 1999.

Heimildir

Byggðasaga Skagafjarðar I. Akureyri 1999. Bls. 338

Hjalti Pálsson. *Loftmynd frá 18. ágúst 1999.*

G - 145934 - 52 - 15

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóftir

Hættumat: Tóftirnar eru ekki í hættu.



Staðhættir

Vestan við bæjarhólinn hafa verið tvískipt fjárhús. Tóftir þeirra liggja í stefnu austur - vestur. Garði er í miðju og hlaða vestan við. Fjárhúsin eru greinileg á loftmynd sem Hjalti Pálsson tók þann 18. ágúst 1999. Þessi fjárhús eru innan afmörkunar gamla túnsins og væru á túnakorti

Guðmundar Sveinssona hafi þau verið í notkun árið 1917. Þrennt kemur til greina. Húsin voru fallin þá, þau eru yngri en 1917 eða að túnið hafi verið stækkað.

Lýsing

Hús þessi hafa verið úr torfi og grjóti. Þau voru tvær krær með garða í milli. Hlaðan er byggð fyrir endann á húsunum. Norðan við húsin er sléttur blettur sem virðist vera heytóft og eru sennilega frá heynytjatíma Sauðkrækinga á 3. – 5. áratug 20. aldar.

Heimildir

Byggðasaga Skagafjarðar I. Akureyri 1999. Bls. 338. Sjá loftmynd.

Hjalti Pálsson. *Loftmynd frá 18. ágúst 1999.*

G - 145934 - 52 - 16

Hlutverk: Tún / Náthagi

Tegund: Garðlag

Hættumat: Garðaleifar eru ekki í hættu.

Staðhættir

Suðaustan við bæjarhólinn er ferhyrndur blettur með torfhlöðnum garði að hluta að austan, alveg að sunnan og vestan og að hluta til að norðan, en í norðausturhorni þessa bletts eru tóftir (nr. 14) sem gætu verið heytóftir. Af þeim sökum verða þessar tóftir tæplega metnar sem fornleifar. Þær eru hér tíundaðar svo ekki sé hætta á að þær gleymist, enda merk heimild um landnýtingu jarðarinnar.


Lýsing

Hér heyjuðu Sauðárkrækingar á 3.-6. áratugnum. Hvað hér var áður er óvíst, en tóftirnar gætu verið eftir fjárhús með túnbleðli í kring eða kvíar (jafnvel stekkur) og náthagi sunnan við, frá því hér var búið á 19. öld. Einungis fornleifarannsókn getur skorið úr um það, því heimildir um hvað þarna var eru engar, aðrar en loftmynd Hjalta Pálssonar frá 18. ágúst 1999.

Heimildir

Byggðasaga Skagafjarðar I. Akureyri 1999. Bls. 338. Sjá loftmynd.

Hjalti Pálsson. *Loftmynd frá 18. ágúst 1999.*



Mynd þessa tók Hjalti Pálsson 18. ágúst 1999 úr lofti úr norðaustri. Stutt fyrir sunnan skurðendann sést móta fyrir leifum húsa. Þarna liggja götur austur á bökkum Héraðsvatna til suðurs og norðurs. Reynt er að verja bakkana við skurðkjaftinn með vörpu úr grænu nyloni og hvítplöstruðum heyrúllum. Afstaða Skógabakka til Grænhóls sést vel á loftmyndinni á bls. 56.

G - 145934 - 52 - 17

Sérheiti: Skógabakki

Hlutverk: Hjáleiga

Tegund: Tóft

Hættumat: Tóftarbrot á Skógabakka eru í hættu af völdum veðrunar og ágangs.

Staðhættir

Skógabakki er rétt sunnan við landamerkjagirðingu (skurð) á milli Borgarsels og Grænhóls austur á bökkum Héraðsvatna. Þar sjást enn tóftarleifar sunnan við merkjagirðinguna nokkra metra frá vatnsbakkanum. Á myndinni hér er horft yfir Skógabakka úr norðaustri og eins og sjá má eru töluverðar tóftarleifar sunnan við merkjagirðinguna milli Borgarsels og Grænhóls. Þessar tóftir kunna að vera leifar býlisins Skógabakka, en geta einnig verið heygarðar frá yngri tíma.

Aðrar upplýsingar

Skógabakki eða Skógabakkar var hjáleiga á 18. öld. Árið 1719 var þar byggð samkvæmt frásögn Gísla Konráðssonar þar sem hann greinir frá drukknun Benedikts Becks sýslumanns á Sjávarborg í Héraðsvötnum á Kárastaðaferjustað ásamt fylgdarsveini sínum. Samkvæmt frásögn Gísla sáu til ferða þeirra sveinar tveir frá Skógabökkum sem handsömuðu hesta þeirra er þeir komu af sundinu. Í afsalsbréfi fyrir Grænhóli árið 1900 eru rakin merki milli Sjávarborgar og Grænhóls „úr eyðikotinu Skógabakka niður við Héraðsvötn vestur í einstakan hól sem liggur nokkra faðma frá Miklavatni, og ber sá hóll séð frá Skógabakka í Gilsgil þar sem það beygir uppi í fjallinu til suðurs.“

Heimildir

Byggðasaga Skagafjarðar I. Akureyri 1999. Bls. 329-330.

Hjalti Pálsson, símtal 28. desember 2003.

Hjalti Pálsson. Loftmynd frá 18. ágúst 1999.

G - 145934 - 52 - 18

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Varða

Hættumat: Ástand vörðunnar er ómetið.

Staðhættir

Í landamerkjabréfi Grænhóls frá 1909 er talað um merkjavörðu „norðarlega á Skógabakkatóftum, ber í Gilsgilið þar sem það beygir til suðurs upp á fjallsbrúnina.“

Aðrar upplýsingar

Eldri Landamerkjalyking Sjávarborgar frá 1890 nefnir þennan stað Sigfúsarheygarð á vestari bakka Héraðsvatna.

Heimildir

Byggðasaga Skagafjarðar I. Akureyri 1999. Bls. 330.

Niðurstöður

Þrátt fyrir að töluvert af fornleifum í landi Sjávarborgar hafi horfið við nútímavæðingu landbúnaðarins og aðrar verið skertar er ljóst að á nokkrum stöðum í landi jarðarinnar er fjöldi minjastaða enn óáreittir á víð og dreif um landareignina og víða má búast við minjum neðanjarðar. Það þarf því að fara að öllu með gát við skipulag og framkvæmdir á svæðum þar sem vitað er um minjar eða búast má við þeim.

Kirkjan að Sjávarborg er friðlýst og í hópi húsa sem Þjóðminjasafn Íslands annast. Mesta hætta á raski minja er á sjálfri Sjávarborginni í kring um núverandi íbúðarhús og meðfram heimreiðinni frá 1916 norðvestur af Borginni og ekki þarf að fara nema skóflustungudýpt til að komast niður á fornleifar í gamla kirkjugarðinum, á gamla bæjarstæðinu og öskuhaugunum.

Steinn sem færður var að Sjávarborg seint á 20. öld, frá Hofi í Vesturdal, fellur undir skilgreiningu Þjóðminjalaga 107/2001 um þjóðminjar og þarf að gæta hans vel.

Á Borgarmýrum eru merkilegar heimildir um landnýtingu fyrr á öldum. Tættur og tóftir hjáleiga, búpeningshúsa, heygarða og vegaslóða segja mikla sögu búskapar og samgangna og eru merkar heimildir um landbúnað á votlendissvæði, sem ekki er lengur stundaður. Þau ummerki eru í heild sinni mjög mikils virði fyrir komandi kynslóðir. Lítil hætta er á að minjar þessar hverfi, nema vegna náttúrulegra áhrifa, ofan í jörðina í sinu og foræði.

Torfhleðsluleifar í veggjabrotum fjárhúsa í Borgarseli eru með merkustu hleðsluafbrigðum í Skagafirði. Þær hafa verið ljósmyndaðar og verða því miður varla varðveittar öðru vísi vegna þess hve torfið er forgengilegt efni sem erfitt er að varðveita um aldur og ævi í heilum vegghleðslum, en kunnáttuna er hægt að varðveita, séu slík afbrigði skoðuð, mæld upp og mynduð.

Heimildir


Munnlegar heimildir, vettvangskannanir, kort og skrár

Haraldur Árnason, Sjávarborg.
Hjalti Pálsson, Sauðárkróki.
Hjalti Pálsson. *Loftmyndir af Grænhóli og Skógabakka frá 18. ágúst 1999*.
Hlíf Árnadóttir, Sjávarborg.
HSk. *Sauðárhreppur: Úttektabók 1891-1908*.
Ingólfur Sveinsson, Lágmúla.
Kristmundur Bjarnason, Sjávarborg.
Kristmundur Bjarnason. *Örnefni í landi Sjávarborgar og Borgargerðis*.
Landmælingar Íslands. Loftmynd N - 5296 / 17.06.1996.
Stoð. Loftmynd 15629. Sjávarborg – Helluland 19.09.2003.
Túnakort. Sjávarborg 1917. Unnið af Guðmundi Sveinssyni. Þjóðskjalasafn Íslands.
Vettvangskönnun Katrínar Gunnarsdóttur 10. október 2003.

Ritaðar heimildir

Byggðasaga Skagafjarðar I. Akureyri 1999.
Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781-1949 1. hefti, 1950. Reykjavík.
Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 9. bindi, Skagafjarðarsýsla, 1930. Kaupmannahöfn.
J. Johnsen, 1947. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn.
Kristmundur Bjarnason, 1969. *Saga Sauðárkróks, fyrri hluti fram til ársins 1907*, I. Akureyri.
Kristmundur Bjarnason, 1987. *Sýslunefndarsaga Skagfirðinga* I og II. Akureyri.
Skagfirzkar æviskrár. Tímabilið 1890-1910 IV. 1972. Skagfirzka fræði. Akureyri.
Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags II. Skagafjarðarsýsla, 1954.
Sýslufundargjörð Skagafjarðarsýslu 1907. Akureyri 1907. Bls. 27-28.
Safn til Landfræðisögu Íslands. Akureyri.

Síðasti torfbærinn – tilraun til grunnmyndar



Þessi tilraun til grunnmyndar byggist meira og minna á ágiskunum miðað við lýsingar og ljósmynd á bls. 22. Öll hlutföll eru ónákvæm, sem og stærð húsa og þykkt torfveggja.

Fjórar burstir snéru til vesturs fram á bæjarhlaðið. Á ljósmyndinni, bls. 22, sjást frá vinstri (norðri): Stofa með lofti yfir, Litli skáli með bæjardyrum og lofti yfir og syðst er Skáli. Sunnan við hann var Vesturhús baðstofunnar, sem lá austur-vestur með burst fram á hlaðið. Öll húsin voru þiljuð innan og framgaflarnir (burstirnar) fjórir voru úr timbri. Austan við eldhúsið var for. Bærinn var að hluta til rifinn áður en steinhúsið var reist 1928-1930. Teikning: Sigr.Sig.

Lýsing

Samkvæmt úttekt þann 3. maí árið 1893 var nýbúið að laga suðurhlið baðstofunnar og mæninn. Suðurveggur gangna var lélegur, en búr og eldhús voru í lagi sem og bæjardyrhúsið með stofu „að sunnanverðu í bæjardyrum“. Bæjardyrhúsið var kallað Litli skáli á fyrr hluta 20. aldar. Austan við Skála, nyrsta húsið, og Litla skála, voru búr og eldhús. Göng tengdu húsin. Þau lágu frá búrðyrum norður-suður, til baðstofunnar og til bæjardyrhúss frá búrðyrum austur-vestur. Austan við eldhúsið var for.

Í sóknarlýsingu Gísla Konráðssonar frá árinu 1839 kemur fram að baðstofan á Borg var portbyggð og talin með reisulegustu húsum í sókninni.